



FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

17. júlí 2005 - 191. tölublað - 5. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Sími: 550 5000

SUNNUDAGUR

Leyndardómsfull Emilíana

Sönkonan Emilíana Torrini er væntanleg til landsins á miðvikudaginn. Hún ætla að halda nokkra tónleika á Íslandi og er mikill spenningur fyrir þeim enda hefur hún ekki sungið hérlendis í mörg ár. Frægðarsól söngkonunnar rís hátt þessa dagana og er hún lofuð af gagnrýnendum ytra.

TÓNLIST 13

FH slapp með skrekkinn

Íslandsmeistarar FH-inga lentu í kröppum dansi gegn Skagamönnum í átta liða úrslitum bikarsins en náðu að tryggja sér framlegingu og þar skorðu þeir síðan fjögur mörk og unnu leikinn því 5-1.


ÍPRÓTTIR 20

Endurgerðir tímar

Það besta á hverjum tíma verður sigilt. Þannig hefur það alltaf verið. Það besta leitar alltaf glufunnar inn í samtímann á ný. Og af því klassíkin er þeirrar náttúru að þurfa alltaf á sinni framtíð að halda getur enginn sagt hvort það verði ekki einmitt „gangstarrapparinn“ Snoop Dogg sem muni reynast eilífur þegar fram líða stundir.

TÍÐARANDINN 8

VEÐRIÐ Í DAG



HANN SNÝST Í NA-ÁTT MED KVÖLDINU en það má búast við skúra-veðri eða rigningu sunnan- og vestanlands fyrri partinn en það fer að rigna fyrir norðan með kvöldinu.

Össur vill R-lista, með eða án samstarfsflokka

Össur Skarphéðinsson, þingmaður Samfylkingarinnar og fyrrverandi formaður hennar segir það sína skoðun að flokkurinn eigi undir öllum kringumstæðum að bjóða fram Reykjavíkurlista með óháðum í borgarstjórnarkosningunum, hvort sem Vinstri grænir eða Framsóknarflokkurinn verði með eða ekki.

STJÓRNMÁL Össur Skarphéðinsson, fyrrverandi formaður Samfylkingarinnar telur að Samfylkingin eigi að bjóða fram undir merkjum Reykjavíkurlistans hvað sem þátttöku samstarfsflokka líður.

„Ég er bjartsýnn á að það náist samstaða um Reykjavíkurlista eins og staðan er núna. Ef það fer svo að aðrir flokkar en Samfylkingin ákveða að taka ekki þátt í samstarfinu þá tel ég að Samfylkingin ætti samt sem áður að bjóða fram með óháðum og þeim sem vilja undir merkjum Reykjavíkurlistans. Ég tel að undir öllum

kringumstæðum eigi Samfylkingin að bjóða fram sem Reykjavíkurlisti, þó að annar eða báðir samstarfsflokka vilji ekki vera með í slíkum lista,“ segir Össur Skarphéðinsson.

Samfylkingin, Framsóknarflokkurinn og Vinstri grænir hafa undanfarnar vikur settið við samningaborðið og rætt framtíðarsamstarf um Reykjavíkurlista og er enn alls óvíst hvort flokkarnir nái saman um áframhaldandi samstarf. Svo virðist sem helsta bitbein flokkanna sé fjöldi fulltrúa. Samfylkingin vill minnst fjóra fulltrúa en báðir

hinir flokkarnir segja jafnan hlut flokkanna vera grundvallarskilyrði samkvæmt heimildum Fréttablaðsins.

Aðspurður hvaða aðferðir honum hugnist við val á fulltrúum Samfylkingar ef svo færi að allir flokkarnir færu aftur saman fram segir Össur: „Ég teldi það rétt af Samfylkingunni að hafa opið prófkjör um þá fulltrúa sem hún fengi með Reykjavíkurlistanum. Ég tel að það eigi að vera mögulegt fyrir óháða frambjóðendur að bjóða sig fram í slíku prófkjöri.“

Jóhanna Eyjólfadóttir formaður Samfylkingarfélagsins í

Reykjavík segir það ljóst að Samfylkingin muni alltaf fara einhvers konar prófkjörsleið og þvertækur ekki fyrir að óháðir frambjóðendur gætu tekið þátt í því prófkjöri. Hún vill ekki tjá sig um framtíðarhorfur R-listans enda virðast víðræður flokkanna á viðkvæmu stigi. Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins skýrist það fljótlega eftir verslunarmannahelgi hvert framhald málsins verður í framhaldinu.

Ekki náðist í Ingibjörgu Sólrúnu Gísladóttur, formann Samfylkingarinnar, vegna málsins.

- óá



KRUMMI KRUNKAR ÚTI Þessir hrafnungar biðu í ófvæni eftir að mamma þeirra kæmi aftur til þeirra í hreiðrið í Hróarstungu á Héraði með mat á milli klónna. Þeir voru greinilega orðnir sársvangir enda krunkuðu þeir hátt þótt smáir væru.

Kári Stefánsson:

Leysir af á sjúkrahúsi

ATVINNA Kári Stefánsson, forstjóri Íslenskrar erfðagreiningar, ætlar að eyða viku af sumarfríi sínu við lækningar á Landspítala-háskólasjúkrahúsi.



„Ég er bara leysa af mér til skemmtunar og til að rifja upp KÁRI STEFÁNSSON Kári segir að hugmynd Elfi-Ingars Ólafssonar hafi gaman að fá verð „elegant tillaga.“

ad vinna með fólkinu á Landspítalanum sem við erum að vinna með í ÍE og einnig að hlúa að lösu fólki, sem er auðvitað það sem maður lærði upphaflega,“ segir hann. Kári vann síðast sem taugalæknir fyrir níu árum í Bandaríkjunum.

Það var Elías Ólafsson yfir-læknir á taugalækningadeild Landspítalans sem fékk hann til starfa á sjúkrahúsinu.

-rsg

Svikull verslunarstjóri:

Sveik út nautakjöt

UNGVERJALAND, AP Verslunarstjóri í matvörubúð í Búdapest sætir nú lögreglurannsókn grunaður um svindl.

Verslunarstjórinn fyrirskipaði stórfelldar verðlækkanir á nautahakki, verðið var lækkað úr 900 íslenskum krónum á kílóíð niður í 290 krónur. Skömmu síðar mætti svo eiginkona verslunarstjórans í búðina og keypti yfir 20 kíló af hakkinu. Afgreiðslumanninum sem afgreiddi konuna fannst málið heldur undarlegt og gerði lögreglu viðvart sem rannsakar nú málið.

Egyptsk stjórnvöld yfirheyra efnafræðinginn svonefnda:

Hafði engin tengsl við al-Kaída

LONDON, AP Innanríkisráðherra Egyptalands, Habib al-Adli, segir „efnafræðinginn“ svokallaða ekki vera í neinum tengslum við hryðjuverkasamtökin al-Kaída. Hann sætir nú yfirheyrslum í Egyptalandi sem breskir lögreglumenn fylgjast grannt með.

Efnafræðingurinn, Mahmoud al-Nashar, hefur hingað til neitað staðfestlega allri hlutdeild sinni í hryðjuverkaárásunum. Lögregla hefur engu að síður fundið leifar af sprengiefni, líklega af sömu gerð og notuð var í árásunum, á heimili al-Nashar.

Tony Blair forsætisráðherra



SÍÐASTA MYNDIN Lundúnalögreglan birti í gær myndir af fjórmenningunum sem frömdu hryðjuverkin í borginni 7. júlí. Hún er tekin á brautarstöðinni í Luton.

Bretlands sagði í ræðu sem hann hélt í miðborg Lundúna í gær að baráttan væri nú háð gegn illri

hugmyndafræði öfgasinnaðra múslima. Í slíkri baráttu þyrfti að vinna hug og hjörtu fólks, bæði múslima og annarra.

Rannsókn lögreglu á hryðjuverkunum gengur vel og í gær var strætisvagninn á Tavistock Square hífður burtu. Fjöldi manns fylgdist með enda er strætisvagninn orðinn að nokkurs konar tákmynd árásanna. Búið er að bera kennsl á lík 41 af 55 þeirra sem létust í árásunum og nafngreina 31 þeirra. Rannsóknin beinist nú að borginni Leeds en þar bjuggu margir hinna grunuðu. ■

LANDIÐ ALLT

Meðallestur*

Fréttablaðið	67%
Mbl.	49%
Blaðið	29%

*Samkvæmt fjölmiðlakönnun Gallup í júní 2005.



SPURNING DAGSINS

Kjartan, vilt þú heldur fara þínar eigin leiðir?

Já, ég held það bara. Að minnsta kosti eru flestar leiðir betri en ógreiðar götur R-listans.

Kjartan Magnússon er borgarfulltrúi Sjálfstæðisflokksins. Hann hefur deilt hart á nýtt leiðakerfi Strætó bs.

Fimm farast í hryðjuverki í Tyrklandi

Smárúta sprengd í loft upp

ANKARA, AP Fimm manns dóu í sprengjutilræði í Tyrklandi í gær en þá var rútu með ferðamönnum grandað. Talið er að Kúrdar beri ábyrgð á tilræðinu.

Rútan sem sprengd var í loft upp var í bænum Kusadasi, sem er á strönd Eyjahafsins, en þangað kemur jafnan fjöldi erlendra ferðamanna á ári hverju. Fimm biðu bana, þar af einn Breti og annar Íri og fjórtán særðast.

Ekki er nákvæmlega vitað um tilrög árársarinnar. Lögreglumáður segir að kona sem var farþegi í rútnu hafi haft sprengjuna innanklaða en embættismaður í héraðinu heldur því fram að sprengj-

unni hafi verið komið fyrir í bílnum.

Enginn hefur lýst yfir ábyrgð á tilræðinu en böndin beinast að kúrdískum uppreisnarmönnum. Þeir hafa að undanförunu ráðist gegn erlendum ferðamönnum á þessum slóðum, síðast í byrjun þessa mánaðar. Hátt settur uppreisnarmaður úr röðum Kúrdar hefur hins vegar fordæmt tilræðið.

Tyrkneski stjórnarherinn og kúrdískir skæruliðar hafa síðustu tuttugu árin átt í harðvítugum átökum sem hafa kostað 37.000 mannlíf. Kúrdar vilja fá að stofna sjálfstjórnarhérað í austurhluta landsins. ■



VEGFARENDUR AÐSTOÐUÐU SLASAÐA Fjöldi erlendra ferðamanna var um borð í rútnu þegar hún sprakk en hún var á leið á nálæga baðströnd. Talið er að Kúrdar beri ábyrgð á ódæðinu.

Flugvélin í Fljótavík

Híð um borð í varðskip

FLUGSLYS Cessna einkaflugvélin sem hlekkst á í flugtaki í Fljótavík á Hornströndum á föstudaginn var híð með þyrilu Landhelgisgæslunnar um borð í varðskipið Óðinn á laugardag.

Vélin var það skemmd að ekki var hægt að fljúga henni af slystað. Þyrilu gæslunnar var á staðnum því hún hafði komið til Hornstranda með rannsóknarnefnd flugslysa sem mun rannsaka óhappið.

Enginn slasaðist í óhappinu en fjórir voru um borð þegar það var.

-rsg



LÍK FIARLÆGT Íraskir lögreglumenn fjarlægja lík meints sjálfsmorðsprengjumanns sem reyndi að sprengja upp bandaríska herbílalest í gær. Enginn hermaður særðist í árásinni.

Sjálfsmorðsárás: Á sjötta tug beið bana

BAGDAD, AP Sjálfsmorðsárásarmaður sprengdi upp sprengjur sem hann bar utan á sér við bensínstöð nærri sjálfsmorðsprengjumanns sem reyndi að sprengja upp bandaríska herbílalest í gær. Enginn hermaður særðist í árásinni og á niunda tug særðist til viðbótar.

Bensínflutningabíll sprakk í loft upp við sprenginguna og því varð skaðinn mun meiri en ells. Einnig kviknaði í mörgum húsum í nágrenninu.

Þrjú breskir hermenn létust í bílsprengjuárás fyrr um daginn í borginni Amarah í suðausturhluta landsins en árásir eru fátíðar á breska herinn. Alls hafa 92 breskir hermenn fallið síðan innrásin var gerð vorið 2003. ■

LÖGREGLUFRETTIR

FJÓGGURRA BÍLA ÁREKSTUR Fjórútur bílar lentu í árekstri í Vík í Mýrdal í gær. Bíll beygði svo skyndilega út af þjóðvegnum að bílar úr báðum áttum þurftu að nauðhema og þá urðu tveir árekstrar. Engin slys urðu á fólki.

BÍLSLYS Á MÝRUM Tveir bílar skulu saman vestur af Mýrum í gær og fóru fimm manns í læknisskoðun í kjölfarið á Akranesi. Meidd þeirra eru ekki alvarleg.

Vilja selja bjór og vín í matvörubúðum

Forráðamaður Nóatúns urðu í gær við kröfum lögreglunnar í Reykjavík og hættu að bjóða bjór í kaupbæti við kaup á gasgrillum eins og gert hefur verið síðustu daga. Óljóst er hvort tiltækið brýtur í bága við lög.

NEYTENDUR „Ég veit ekki hvort forráðamaður Nóatúns hafa skoðað lögina náði en öll veiting áfengis án leyfis er bönnuð og þessi svokallaða gjóf þeirra fellur að mínu mati undir það,“ segir Guðni R. Björnsson, verkefnastjóri hjá Fræðslumiðstöð í fknifnum. Hann segir þá ákvörðun Nóatúns að gefa bjór með hverju seldu gasgrilli ansi nálægt því að vera lögbrot en verslunin tilkynnti í gær að björgjöfunum yrði hætt samkvæmt beiðni lögreglunnar í Reykjavík.

Talsvert seldist af viðkomandi gasgrillum hjá versluninni en í kaupbæti var bæði gos og áfengur bjór og voru rök Nóatúnsmanna þau að engin ákvæði væru í lögum um að ekki mætti gefa bjór. Er það enn sem komið er óljóst hvort svo er en lögreglan hyggst fá úr því skorið eftir helgina.

Guðni segir þetta eðlilegt framhald á þeim auglýsingum sem birtast hafa með æ grófari hætti undanfarna mánuði og átelur þær stofnanir sem eftirlit eiga að hafa fyrir aðgerðaleysi. „Hér birtist hver auglýsingin á fætur annarri þar sem áfengi er auglýst án athugasemda frá til dæmis Lýðheilsustöð og því er kannski eðlilegt að verslunareigendur færi sig upp á skaftið eins og gerist í þessu tilfalli Nóatúns. Eg skal ekki fullyrða að um lögbrot sé að ræða enda hefur slíkt prófmál aldrei farið fyrir dómstóla og því telja menn sig geta túlkað áfengislögina með sínum hætti.“

Fræðslumiðstöðin hefur komið

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM



ENGINN BJÓR LENGUR MEÐ GRILLINU Allur bjór hefur verið fjarlægður úr verslunum Nóatúns en sitt sýnist hverjum um hvort lögbrot hafi verið framið með björgjöfum verslanna.

athugasemdum sínum vegna áfengisauðglýsinga á framfæri við dómsmálaráðherra sem hefur látið þau orð falla að lögin standist og ekki sé hægt að túlka þau eftir höfði hvers og eins. Ekki náðist í Björn vegna málsins í gær.

Kristinn Skúlason, markaðsstjóri Nóatúns, sagði verslunina

ekki hafa í hyggju að brjóta lög og því hefði verið auðsött að fjarlægja bjórin úr verslunum. „Nú fylgjumst við með hvað verður enda stendur okkar hugur til að bjóða almenningu léttvín og bjór í verslunum og kannski verður þetta til að auka almenna umræðu um þessi mál.“ albert@frettabladid.is



J.K. ROWLING Höfundur Harry Potter græðir á tá og fingri þessa dagana enda var búist við að tíu milljónir eintaka myndu seljast af bókinni fyrsta daginn.

Miðnæturöppun bókabúða:

Harry Potter seldist vel

BÆKUR Um sex hundruð manns keyptu nýju Harry Potter bókina í Mál og menningu á Laugarvegi aðfaranótt laugardags, segir Óttar Proppe vörustjóri erlendra bóka hjá Pennanum. „Fyrsta prentun bókarinnar fer að verða búin,“ segir Óttar.

Arndís Sigurgeirsdóttir eiganandi verslunarinnar Íðu segir að hátt í tvö hundruð bækur hafi selst í bókabúðinni. „Þetta gekk alveg fáránlega vel miðað við að við höfðum ekkert kynnt þetta, en ég ákvað að vera með opið vegna pressu frá ungunum fastakúnum,“ segir Arndís. Flestir á opnuninni voru á aldrinum 18 til 25 ára en einnig voru mörg börn í fylgd með foreldrum sínum.

Alls hafa tíu milljónir eintaka verið prentuð. ■

LÖGREGLUFRETTIR

BÍLBRUNI Á AKUREYRI

Eldur kom upp í bíl í akstri á Miðhúsabratu á Akureyri um sexleytið á föstudagskvöld. Ökumaður bílsins sá reyk koma upp um vélarhlífina og stöðvaði bílinn og skömmu síðar kom slökkvilið á vettvang og slökkti eldinn. Ekki er vitað um upptök hans.

ESA varaði Ísland við útflutningi á óvottuðum Rússafiski:

Ráðherra segir málið túlkunaratriði

SJÁVARÚTVEGUR „Við höfum verið með þetta í skoðun innan ráðuneytisins en þetta snýst um túlkunaratriði þessa samnings,“ segir Árni M. Mathiesen, sjávarútvegsráðherra, vegna gagnrýni ESA, Eftirlitsstofnunar EFTA, á Íslendinga og Norðmenn vegna sölu ríkjanna á frosnum fiski frá fyrirtækjum í Rússlandi til landa innan evrópska efnahagssvæðisins.

Reglur sambandsins kveða á um að slíkt megji aðeins ef í hlut eiga rússnesk fyrirtæki sem hlotið hafa gæðavottun frá EFTA en misbrestur hefur orðið á því að mati ESA. Hefur eftirlitsmaður ESA hér á landi, Ketil Rykhus, sagt íslensk stjórnvöld hafa fengið lokafrest til að útkljá málið en sjávarútvegsráðherra kannast ekki við það. „Ég kannaði það sérstaklega þegar ég heyrði af þessu hvort svo væri en fann engar upplýsingar,



ÁRNI M. MATHIESEN Kannast ekki við að eftirlitsstofnun EFTA hafi gefið Íslendingum lokafrest til að samþykkja samninga hvað varðar sölu á óvottuðum fiski frá Rússlandi.

hvorki hjá ráðuneytinu né annars staðar. Møgulega er sú krafa föst í kerfinu einhvers staðar en það þykir mér ólíklegt. Mér finnst hins

vegur athugað að ESA skuli nota fjölmiðla til að koma málum sínum á framfæri í stað þess að tala beint við stjórnvöld.“

-aæ

Glæsilegar haustferðir að hætti Kuoni

Mið-Ameríka, Kúba, Suður-Afríka og Kína

Síðustu sætin í eftirtaldir ferðir með fyrsta flokk dónskum fararstjórum

Tíbet og Kína 16 dagar. 13. sept. 204.995 kr. Verð á mann í tvíb. með skóttum	Miðríkið í Kína 21 dagar. 24. okt. 234.990 kr. Verð á mann í tvíb. með skóttum	Kúba í gegnum tíðina 17 dagar. 14. sept./12. okt. 179.995 kr. Verð á mann í tvíb. með skóttum
Paradísin Costa Rica 16 dagar. 5. sept./3. okt. 209.990 kr. Verð á mann í tvíb. með skóttum	Mexíkó og Mæjarnir 16 dagar. 4. okt. 222.990 kr. Verð á mann í tvíb. með skóttum	Sál Suður-Afríku 18 dagar. 4. okt. 249.990 kr. Verð á mann í tvíb. með skóttum

Nánari upplýsingar á heimasíðu okkar, www.kuoni.is og á söluskrifstofunni.

Verðdæmi m.v. gengi og fargjöld með Iceland Express 10. júlí.

Holtasmára 1 • 201 Kópavogur
Sími: 5 100 300 • Símbréf: 5 100 309
Netfang: langferdir@langferdir.is
Heimasíða: www.kuoni.is
Opnunartímar alla virka daga frá 10:00-17:00

MasterCard

NISSAN PATHFINDER



SKIPT_um landslag

200.000 kr. AFSLÁTTUR



KRÖFTUGT OPNUNARTILBOÐ!

Við bjóðum hvorki meira né minna en 200.000 króna afslátt af Nissan Pathfinder í tilefni opunar á glæsilegasta bílasýningarsal landsins hjá Ingvari Helgasyni. Pathfinder eyðir einungis 10 dísil-lítrum á hundraðið í blönduðum akstri. Hann fer allt á fjórhjóladrifinu, er þægilegur í öllum sjö sætum, lipur innanbæjar og rúmar farangur til fleiri mánaða. Hann er öflug listasmíð, traustur og vandaður. En fyrst og fremst sameinar Nissan Pathfinder það grófa og það fina í einum best heppnaða útivistarbil síðari ára.

PATHFINDER SE

Beinskiptur
174 hestöfl
5 dyra

Tilboðsverð: 4.250.000 kr.

44.096 kr. á mán.*

Sjálfskiptur: 4.450.000 kr.

46.164 kr. á mán.*



VEIÐIKORTIÐ FYLGIR MEÐ!

Með veiðikortinu má veiða nánast ótakmarkað í a.m.k. 20 vötnum víðsvegar um landið og tjalda endurgjaldslaust hjá mörgum þeirra. Nánari upplýsingar á www.veidikortid.is

STAÐALBÚNAÐUR

- Þokuljós
- Krómað grill
- Leðurklætt stýri og gírstöng
- Krómaðar höldur inni í bil
- Hiti í speglum
- Áttaviti í baksýnispegli
- Litað gler
- 7 sæta
- Birtuskynjari í spegli
- Útvarpsfjarstýring í stýri
- Innbyggt loftnet (loftnet í afturrúðu)
- Regnskynjari
- Hraðastillir (Cruise Control)

250.000 krónum flottari!

Peir sem kaupa Nissan Pathfinder í júlí fá 32" dekk, krómstigbretti og dráttarkrók í kaupbæti.

**PATHFINDER
ER KOMINN TIL LANDSINS
KLÁR Á GÖTUNA
Á FIMM DÖGUM**



Glitnir

*Bílasamningur Glitnis með 30% innborgun og eftirstöðvar í 84 mánuði.

Ingvar Helgason

Sævarhöfða 2 Sími 525 8000 www.ih.is

Opið: Mánudaga – föstudaga kl. 9:00–18:00

Hrísmýri 2a
800 Selfossi
482-3100

Eyjarlandi 1
530 Hvammstanga
451-2230

Sæmundargötu 3
550 Sauðárkróki
453-5141

Holtsgötu 52
260 Njarðvík
421-8808

Dalbraut 2b
300 Akranesi
431-1376

Víkurbraut 4
780 Höfn í Hornafirði
478-1990

Búðareyri 33
730 Reyðarfjörður
474-1453

Sindragötu 3
400 Ísafjörður
456-4540

Óseyri 5
603 Akureyri
461-2960

GENGIÐ

GENGI GJALDMÍÐLA 15.07.2005

	KAUP	SALA
Bandaríkjadalur USD	64,66	64,96
Sterlingspund GBP	113,7	114,26
Evra EUR	78,14	78,58
Dönsk króna DKK	10,473	10,535
Norsk króna NOK	9,797	9,855
Svænsk króna SEK	8,314	8,362
Japanskt jen JPY	0,5771	0,5805
SDR	XDR 93,87	94,43

Gengisvísitala krónunnar
109,5038

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Írönsk stjórnvöld:

Al-Kaída menn handsamaðir

TEHERAN, AP Ali Yunesi, ráðherra öryggis- og upplýsingamála í Íran, lýsti því yfir í gær að 3.000 meintir liðsmenn al-Kaída hefðu verið handteknir, færðir fyrir dómara eða reknir úr landi undanfarin misseri.

Ráðherrann gaf engar nánari upplýsingar um hvaða menn þetta væru eða hvaða sannanir væru fyrir því að þeir tilheyrðu al-Kaída enda eru írönsk stjórnvöld ekki þekkt fyrir að gefa ítarlegar upplýsingar um slíkt. Æ fleiri vísbendingar berast hins vegar um að hryðjuverkamenn leiti skjóls í hinu strjálbýla og víðfedma landi og við því vilja yfirvöld bregðast. ■

LÖGREGLUFRETTIR

HRÍSEYJARHÁTÍÐ GENGUR VEL
Lögreglan á Dalvík segir að um 700 manns hafi verið í Hrísey á laugardagsmorgun og er búist við að enn fleiri leggi leið sína til eyjarinnar á Hríseyjarhátíð. Umferð var nokkuð þung en gekk vel og segir lögregla að engin vandræði hafi hlotist af ölvun á svæðinu.

ÓLÆTI Á SELFOSSI Þrjú gistingu fangageymslur á Selfossi, tveir vegna drykkjúlátá og ein kona vegna óláta og slagsmála, í fyrri nótt. Konan var handtekin fyrir utan skemmtistað á Selfossi þar sem hún var í slagsmálum við aðra konu. Glöggir lögreglumenn á Selfossi sáu mann hrifsa til sín peninga og muni í bensínstöð í bænum.

RÚSSLAND

ÞYRLA FÓRST Í TSJETSJENÍU Mi-8 herþyrla fórst í sunnanverðri Tsjetsjeníu í gær og biðu átta manns bana í slysinu. Að sögn Interfax-fréttastofunnar er búið að ná „svörtu kössunum“ úr þyrlunni og er talið að annað hvort hafi mistök flugmannsins eða vélarbílun verið orsök slyssins, ekki árás tsjetsjenskra uppreisnarmanna.

Ofbeldi í Ísrael:

Vopnahléið í uppnámi

JERUSALEM, AP Ísraelskir hermenn réðust inn í bæi á vesturbakka Jórdanar í gærmorgun og handtöku tugi meintra palestínskra uppreisnarmanna.

Ráðist var í þessar aðgerðir til að tryggja að ekkert beri út af á meðan egypskir erindrekar funda með stríðandi fylkingum til að reyna að bjarga vopnahléinu sem komið var á í febrúar.

Palestínskir uppreisnarmenn á Gaza-ströndinni skutu flugskeytum að ísraelskum skotmörkum í gær, nokkur hittu til að mynda bæinn Sderot. Ekki fréttist þó af neinu mannfalli í þeim árásum.

Talsvert mannfalið hefur orðið í röðum beggja fylkinga síðustu daga, palestínskir uppreisnarmenn hafa beitt sjálfmórðarásum og skotið flugskeytum að ýmsum skotmörkum og ísraelski herinn hefur gert loftárásir á uppreisnarmennina. Ofbeldi síðustu viku hefur sett vopnahléið í uppnám en vel hafði tekist að fá uppreisnarmenn til að halda að sér höndum. Nú hins vegar er óljóst um framhaldið en bæði Ísraelsstjórn og heimastjórn Palestínarmanna vinna að því að bjarga því sem bjargað verður. ■



VERKSUMMERKI KÖNNUÐ Þetta hús skemmdist í loftárásum Ísraelhers á Gaza. Herinn segist beina ásum sínum að leiðtogum uppreisnarmanna.



ÖRYGGISVÖRÐUR Gæta lyfjaverslana enda hefur ránum fjölgað mikið á síðustu vikum og mánuðum.

Öryggi í lyfjabúðum verður hert til muna

Fjöldi rána í lyfjaverslunum verður mætt með hertri öryggisgæslu að sögn rekstrarstjóra Lyfja og heilsu og Lyfju. Starfsfólk hefur miklar áhyggjur og hefur þeim sem voru við störf þegar rán voru framin verið boðin áfallahjálp.

ÖRYGGISGÆSLA „Starfsfólk hefur miklar áhyggjur, ekki einungis þeir sem lentu í ránum heldur líka hinir“, segir Hjalti Sölvason, rekstrarstjóri Lyfja og heilsu. Ákveðið hefur verið að grípa til róttækra öryggisáðgerða í fyrirtækinu eftir tvö vopnuð rán í lyfjabúðir fyrirtækisins fyrr í vikunni.

„Þessir atburðir eru á allra vörum, og ekki einungis hjá okkur heldur hefur skelfing einnig gripið um sig hjá öðrum í smávöruslun“, segir Hjalti en hjá Lyfjum og heilsu verður brugðist við því með að herða öryggisgæslu. Öll apótek verða sett í áhættuflokka eftir opunartíma og staðsetningu og þar verða öryggisverðir.

Lyf og heilsa hefur boðið upp á áfallahjálp fyrir þá starfsmenn

sem í ránum lentu og verður gerður sérstakur samningur við fagmenn til þess að taka á þeim málum sem upp koma. Öll eftirritunarskyld lyf verða framvegis geymd í tímælæstum öryggisskáp og æfingar vegna vopnaðra rána verða haldnar að sögn Hjalta.

„Það þarf að bregðast við því að fólk er farið að ógna okkar starfsfólki með vopnum“, segir Þórbergur Egilsson, rekstrarstjóri Lyfju. Þar hefur einnig verið gripið til víðtækra öryggisráðstafa eftir fjölda ránstíllauna í lyfjabúðir og er verslana gætt af öryggisvörðum.

„Við verðum mjög gjarnan fyrir búðarhnupli sem virðist því miður orðið dagleg rútína“, segir Þórbergur og bætir við að afskriftir af völdum eyðilegginga á

vöru og hnups í verslunum Lyfju hlaupi á milljónum á ári. „Annað og miklu alvarlegra mál er hins vegar þegar starfsfólki okkar er beinlínis ógnað með vopnum“, segir hann.

Þórbergur segir hins vegar enn of snemmt að segja til um hvort öryggisráðstafanir skili árangri. „Við ætlum þó að bregðast þannig við að þessu vandamáli verði eytt.“

Lyfjafræðingur í lyfjaverslun á höfuðborgarsvæðinu sem Fréttablaðið ræddi við í gær sagði öryggisverði veita starfsfólki verslananna talsverða öryggiskenn. Hann segir jafnvel dæmi um að fólk á leið inn í verslunina snúi við þegar það sér öryggisvörðinn.


helgat@frettabladid.is

Premenningar handteknir:

Með þýfi í farteskinu

INNBRÓT Einn karl og tvær konur á þrítugsaldri voru á föstudagsmorgun handtekin við Litlu kaffistofuna í Svínahrauni, grunuð um að hafa brotist inn í raftækjaverslun á Selfossi.

Í bíl fólksins fannst nokkuð af þýfi, aðallega raftæki, en einnig varningur úr öðrum verslunum sem þremenningarnir eru grunaðir um að hafa stolið. Í framhaldi af handtökunni var gerð hútleit í íbúð á Selfossi síðdegis á föstudag og fundust þar tíu grömm af amfetamíni. Kona og karl sem búa í íbúðinni voru handtekin og viðurkenndu þau að eiga efnið. Fólkinu hefur nú verið sleppt. ■



Kjartan Hauksson:

Án svefns í 36 tíma

HFRINGRÓÐUR Kjartan Hauksson sem er að fara hringinn í kringum landið á arabát frá Neskaupsstað aðfaranótt föstudags og kom til Stöðvarfjarðar síðdegis á laugardag. „Ég tek rosalegar skorpur þegar það er gott í sjón. Ég legg af stað til Djúpvavos í fyrramálið. Það brotnaði hjá mér smá fótspyrna í bátum þannig að ég þarf að sjóða hana áður en ég fer aftur af stað“, segir Kjartan. Kjartan lagði af stað í hringróðurinn árið 2003 en hann er farinn til styrktar Hjalparliðasjóði Sjálfsbjargar. ■

SAMGÖNGUMÁL

VATNAVEXTIR Á HÁLENDINU

Miklir vatnavextir hafa verið undanfarna sólarhringa víða á hálendi landsins. Því hefur Vega-gerðin sent frá sér tilkynningu um að Óskjuleið inn að Herðubreiðarlindum sé lokuð vegna þeirra. Aðrir þjóðvegir eru greiðfærir enda er hásumar.

LÖGREGLUFRETTIR

INNBRÓT Á AKUREYRI Lögreglan á Akureyri stóð tvo innbrotshjófna að verki í versluninni Lindinni á Akureyri á laugardagsmorgun. Þeir höfðu brotist inn í verslunina og ætlað að hafa með sér varning á brott en þeim varð ekki kápan úr því klæðinu. Ræningjarnir voru fluttir á lög- reglustöð til frekari yfirheyrslna og verða þeir að líkindum ákærðir fyrir brott sín.

ÓB Snorrabraut – alltaf opið

Himinn og haf / SíA - 9050471

ÓB Snorrabraut


ÓB - alltaf í leiðinni

ódyrt bensín


VEÐRIÐ Í DAG

Hann er að snúa sér. Hann snýst í norðaust-lægar áttir þegar liður á daginn. Það gæti blásið hressilega um tíma norðaustanlands og á Snæfellsnesinu. Ef vindurinn nær sér á strik þá í dag er ekki gaman að vera í tjald! Í fyrstu verður þurr norðanlands og lífilsháttar skúraveður syðra, en það snýst við seinni partinn, þá fer að rigna fyrir norðan og austan en það stytir upp syðra og léttir jafnvel til með kvöldinu. Á morgun og þriðjudaginn verður hann í norðlægu áttum með nokkuð björtu veðri syðra en vætutið nýðra. Hitinn verður á bilinu 10-15 stig þessa næstu daga.

Í dag




Á morgun



Nokkuð stíft norðaustanátt, sist þó allra austast. Strekkjukur eða allhvasst á NV landi.

Þriðjudagur



Norðaustanátt, dálítt blástur með vesturströndinni, en annars hægari.

Veðrið úti í heimi í dag

Kaupmannahöfn	20°C léttskýjað	Edinborg	20°C skýjað	Osló	20°C sk.m.köflum
London	26°C sk.m.köflum	Stokkholmur	20°C sk.m.köflum	Prag	25°C sk.m.köflum
Paris	29°C sk.m.köflum	Barcelona	30°C sk.m.köflum	Milano	33°C heidskirt
Budapest	30°C heidskirt	Helsinki	24°C rigning	Malorca	28°C sk.m.köflum

Kveðja, Guðriður, Arnardóttir, náttúrufræðingur.

Svæði þar sem búast má við talsverðri vætu eru skyggð á kortinu. Minniháttar úrkoma er táknúð með dropum. Hitatölur sýna hæstu hitagildi.

Afnemum VSK af öllum útsöluvörum

Nú færðu allar
útsöluvörur án VSK

enn meiri
verð-
lækkun



**TAX
FREE**
ÚTSALA

Nú afnemum við VSK
af allri útsöluvöru

30-90% afsláttur
af upprunalegu verði.
+ VSK af

Að sjálfsögðu fær ríkissjóður sinn virðisaukaskatt af þessari sölu. Verðlækkunin er alfarið á kostnað Hagkaupa.

Gildir á meðan birgðir endast

HAGKAUP

www.hagkaup.is

Skemmtilegast að versla



KJÖRKASSINN

Hefur Íbúðalánasjóður farið út fyrir heimildir sínar með lánum til bankanna?

Niðurstöður gærdagsins á [visir.is](#)

Já	69%
Nei	31%

SPURNING DAGSINS Í DAG:

Ætlar þú að lesa nýjustu bókina um Harry Potter?

Farðu inn á fréttahluta [visir.is](#) og segðu þína skoðun



Áform um að selja Hitaveitu Ólafsfjarðar:

Hugsanlega seld af illri nauðsyn

HITAVEITA Þrjú veitufyrirtæki hafa sýnt áhuga á að kaupa Hitaveitu Ólafsfjarðar. Bæjaryfirvöld hafa ekki ákveðið hvort veitan verði seld en Stefania Traustadóttir bæjarstjóri segir ákvörðun þess efnis væntanlega liggja fyrir í þessari viku. „Sveitarfélagið er mjög skuldsett og ef hitaveitan verður seld þá verður það af illri nauðsyn. Við höfum verið í viðræðum við Norðurorku og Rafmagnsveitur ríkisins, auk þess sem Hitaveita Suðurnesja óskaði eftir gögnum um veituna. Verðrammi liggur fyrir en að svo stöddu gefum við hann ekki upp,“ segir Stefania.

Franz Árnason, forstjóri Norðurorku, segir veitufyrirtæki ekki slást um Hitaveitu Ólafsfjarðar. „Almennt séð eru veitufyrirtæki tilbúin að kaupa veitur sem akkur er í að reka en seljendur þurfa að hafa í huga að því hærra verð sem kaupandi greiðir fyrir fyrirtæki, þeim mun meira þurfa viðskiptavinirnir, undantekningarlítið, að borga fyrir þjónustu þess í framtíðinni,“ segir Franz. **kk**



BÆJARSTJÓRINN
Stefanía Traustadóttir segir að ákvörðun um hvort Hitaveita Ólafsfjarðar verði seld liggja væntanlega fyrir í næstu viku.

Gerber barnagrautar:

Sölunni hefur verið hætt

NEYTENDUR Sölu og dreifingu á barnagrautum frá bandaríska framleiðandanum Gerber hefur verið hætt hér á landi.

Ástæðan er sú að varan uppfyllir ekki reglugerð Evrópusambandsins um járninnihald í barnamat en þær kröfur eru mikið mun harðari en í Bandaríkjunum.

Hefur innflytjandi og umboðsaðili Gerber á Íslandi, Íslensk-ameríska, fengið aðlögunartíma sem nú er liðinn og munu barnagrautarnir því ekki fást hér á landi aftur. Aðrar vörur fyrirtækisins verða þó áfram í sölu eftir sem áður.

-aðe


Rove ræddi um nafn Plame við blaðamenn

Helsti ráðgjafi Bush Bandaríkjaforseta er sakaður um að hafa lekið upplýsingum um nafn leyniþjónustukonu til blaðamanna þar sem eiginmaður hennar hafði gagnrýnt ríkisstjórnina vegna Íraksstríðsins.

BANDARÍKIN Hart er sótt að Karl Rove, helsta ráðgjafa George W. Bush Bandaríkjaforseta, þar sem grunur leikur á að hann hafi í pólitísku skyni afhjúpað útsendara leyniþjónustunnar CIA í samtali við blaðamenn.

Sumarið 2003 ritaði Joseph Wilson, fyrrverandi starfsmaður utanríkisþjónustunnar, grein í New York Times þar sem hann sagði rökstuðning stjórnvalda fyrir innrásinni í Írök mjög veik. Árið 2002 fór hann til Afríkuríkisins Níger, að eigin sögn að beiðni Dicks Cheney varaforseta, til að kanna áskanir um að Saddam Hussein hafi ætlað að kaupa þar úran. Hann fann ekkert sem renndi stoðum undir að þær áskanir ættu við rök að stýðjast en engu að síður hélt Bush hinu gagnstæða fram í stefnuræðu sinni í janúar 2003.

Fljótlega eftir að greinin birtist, eða 8. júlí 2003, skrifaði blaðamaðurinn Robert Novak grein þar sem framburður Wilsons var gerður ótrúverðugur með því að halda því fram að Valerie Plame,



TRAUSTR VINUR Karl Rove hefur lengi verið í nánú vinfengi við Bush-fjölskylduna. Margir telja hann arkitektinn að kosningasigrum George W. Bush. Bush segist stýðja vin sinn.

starfsmaður CIA og eiginkona Wilsons, hefði að eigin frumkvæði fyrirskipað ferðina. Opinber rannsókn hófst í kjölfarið enda er lögbrot að greina frá nafni leyniþjónustumanna.

Nafn Rove hefur nokkrum sinnum verið nefnt sem möguleg uppspretta lekans en hann hefur jafnan neitað því, til dæmis í viðtali við CNN í fyrra. Í nýjusta tölublaði Newsweek eru birtar tölvupóstsendingar frá því rétt áður en grein Novaks kom út á milli Matt Cooper, blaðamanns Time, og Rove þar sem Rove segir að „eiginkona Wilsons“ hafi lagt á ráðin um Nígerferðina, án þess þó að nefna hana á nafn.

New York Times birti síðan í gær grein þar sem vitnað var í nafnlausan heimildarmann sem staðfesti að Rove og Novak hefðu rætt um Plame í síma rétt áður en hún var afhjúpuð. Þar er því hins vegar haldið fram að símtöl-in hafi verið að frumkvæði Novaks og Rove hafi einungis staðfest þær upplýsingar sem hann bjó yfir, ekki látið honum þær í té.

Málið þykir óþægilegt fyrir ríkisstjórnina enda er Rove einn nánasti samstarfsmaður forsetans. Því hefur ekki verið svarað hvort Bush hafi vitað um samskipti Rove við blaðamennina.

sveinng@frettabladid.is



SLÖKKVILIÐ Á VETTANGI

Allmikið vatn lak niður í kjallara hússins en þar eru geymslur.

Ofn gefur sig:

Vatnstjón í Amarohúsinu

TJÓN Nokkurt vatnstjón varð á skrifstofu- og verslunarrými í eldri hluta Amarohússins á Akureyri um miðja vikuna þegar ofn á þriðju hæð gaf sig. Heitt vatn lak um þrjár hæðir og niður í kjallara en mest varð tjónið hjá fasteignasölunni Hvammi á jarðhæðinni. Þar flæddi vatn yfir tölur og annan skrifstofubúnað. Slökkvilið Akureyrar dældi vatninu út úr húsinu og gekk það bærillega. Ekki er búið að meta tjónið. **kk**

BANDARÍKIN

RÍKISSTJÓRI Í BOBBA Arnold Schwarzenegger, ríkisstjóri í Kaliforníu, liggur undir talsverðu ámæli þessa dagana eftir að upp komst að hann þægi um 65 milljónir króna á ári fyrir ráðgjöf til tímárits helguðu líkamrækt. Gagnýendur vöðvafjallsins segja verulega hættu á hagsmunaárekstrum þar sem löggjöf um fæðubótarefni er á borði ríkisstjórnans.

HÁKARL BÍTUR STÚLKU 14 ára gömul stúlka var hætt komin í sjónum úti fyrir Galveston í Texas fyrr í vikunni þegar hákarl réðist á hana. Hann beit hana illa í kálfann en henni tókst að rífa sig lausa. Kvíkið skildi nokkrar tennur eftir í fótlegg stúlkunnar.

Ríkið tekur 64 krónur til sín af verði bensínlítans en ekki 80 krónur:

Útreikningar FÍB sagðir rangir

ELDSNEYTISVERÐ Fjármálaráðuneytið segir það rangt sem fram kemur í máli Stefáns Ásgrímssonar, ritstjóra blaðs Félags Íslenskra bifreiðaeigenda, í Fréttablaðinu í gær að íslenska ríkið taki til sín um áttatíu krónur af hverjum seldum lítra af bensíni.

Kom fram í máli Stefáns að ríkið væri að margskattleggja hvern lítra og skoraði hann á stjórnvöld að lækka álgður sínar hið fyrsta.

Fjármálaráðuneytið segir tölur Stefáns miðast við álagningu eins og hún var þegar sérstakt vörugjald var lagt á bensín en það hafi verið aflagt 1999. Þær eigi því ekki við í dag enda sé álagning ríkisins milli 55 og 56 prósent á bensín og dísilolíu og álagningin því um 64 krónur á hvern lítra en ekki 80 krónur eins og útreikningar Stefáns gefi til kynna.



HÁ ÁLAGNING OLÍUFÉLAGANNA Hlutur ríkisins í bensínverði er liðlega 55 prósent og þykir lítill í alþjóðlegum samanburði. Álagning olíufélaganna er hins vegar sögð meiri en gengur og gerist.

Kemur enn fremur fram í svári ráðuneytisins að álagning ríkisins útskýri því ekki hátt bensínverð

en bent á að álagning olíufélaganna sé óvíða meiri en hér á Íslandi.

-aðe



Beint flug til hinnar fögru miðaldaborgar Tallinn í Eistlandi

Innifalið í verði:

Flug, 4 stjörnu hótél m/morgunmat, akstur til og frá flugvelli, íslenskr fararstjórn og skattar.

Verð 49.900 kr.

Ferðin er frá 12.-16. október

Tallinn hefur breyst í nútímaborg með alþjóðlegu yfirbragði á síðustu 10 árum. Þrátt fyrir það eru íbúarnir stoltastir af gamla bæjarhlutanum. Þar eru götur steini lagðar og við þær standa vel varðveittar stórkostlegar byggingar frá 11-15 öld. Þá setja markaðirnir mikinn svip á borgina. Tallinn hefur verið bætt við á heimislista UNESCO sem ein best varðveitta miðaldarborg N-Evrópu. Menningarlíf í Tallinn stendur með miklum blóma og geta allir fundið eitthvað við sitt hæfi. Í Tallinn er hægt að gera góð kaup. Þar er ódýrt að versla og matur á veitingahúsum er ódýr. Þá er, næturlífíð fjörukt, barir, skemmtistaðir og kaffihús á hverju götuhorni. Tallinn er borg sem fangar, borg sem skilur eitthvað eftir, löngu eftir að komið er heim.

Spennandi skoðunarferðir í boði með íslenskri fararstjórn

Trans-Atlantic
Sími 5888900 [www.transatlantic.is](#)

Vaxtalausar myndavélar

0%
VEXTIR

SONY
Sony Cybershot 4.1 MI DSC-S80



2.499
Á MÁNUDI Í 12 MÁNUÐI VAXTALAUST
29.988
STADGREITT

BT Bestu kaupin

4.1 megapíxlar

SONY GÆÐI

Hleðslurafhloður
Með STAMINA tækninni eða allt að 440 myndir á hverri hleðslu.

2" litaskjár
Stór og vandaður 2.0" litaskjár og þú sérð vel allar myndir sem sem eru teknar á DSC-S80.

MPEG Movie
Það er ekkert mál að taka videomyndir eins lengi eins og minnið leyfir.

Carl Zeiss linsa
Með 3x optical Carl Zeiss Vario Tessar linsunni í DSC-S80 eru gæðin tryggð jafnvel niður í minnstu smáatriði.

SONY
Sony Cybershot DSC-S40



1.599
Á MÁNUDI Í 12 MÁNUÐI VAXTALAUST
19.188
STADGREITT

4.1 megapíxlar

Frábær kaup

Aðráttur
3x optical 4.1 Mp, Carl Zeiss Vario Tessar linsan gefur hámarks gæði og þú nærð smáatriðum sem skipta máli í fullum gæðum.

Carl Zeiss linsa
Með 3x optical Carl Zeiss Vario Tessar linsunni í DSC-S80 eru gæðin tryggð jafnvel niður í minnstu smáatriði.

Litaskjár
Vandaður 1.5" hybrid litaskjár tryggir frábær myndgæði og skerpu jafnvel þegar verið er að taka myndir í mikilli birtu.

Panasonic
MiniDV videóvél NVGS17B



2.999
Á MÁNUDI Í 12 MÁNUÐI VAXTALAUST
35.988
STADGREITT

Lækkað verð

FYLGIR

DV tengi og USB2
Miklir tenginguleikar við PC og Apple vélar

800x aðdráttur
Með 800x digital og 24x optical aðdrætti nærðu öllum smáatriðum sem þú vilt.

2.5" Litaskjár
Hágeða LCD litaskjár sem þú snúð eftir hentugleika. Allar stillingar koma á skjáinn.

NightView 0 LUX
Það skiptir ekki máli þótt birtan sé engin - þú nærð samt góðum upptökum.

SONY
SONY MINIDV TÖKUVÉL DCR-HC22



4.999
Á MÁNUDI Í 12 MÁNUÐI VAXTALAUST
59.988
STADGREITT

BT Bestu kaupin

Snertiskjár!

Tengistöð fylgir

FYLGIR

CCD myndflaga
800.000 pixla CCD myndflagan tryggir þér betri myndgæði en þú átt að venjast

2,5" Litaskjár/ Snertiskjár
Björt og skýr mynd og allar stillingar framkvæmdar á skjánum.

Tengistöð
Ekkert mál að ná myndum af vélinni yfir á tölvuna sem og hlaða raflöðuna. Ekkert snúruvesen!

Carl Zeiss linsa
Carl Zeiss linsan gefur hámarks djúpt og litagreiningu myndarinnar



Segðu ostur :-)

BT



SONY
SONY MINIDV TÖKUVÉL DCR-HC19



3.799
Á MÁNUDI Í 12 MÁNUÐI VAXTALAUST
45.588
STADGREITT

Snertiskjár!

Vinsælasta vélin

FYLGIR

2,5" Litaskjár/ Snertiskjár
Björt og skýr mynd og allar stillingar framkvæmdar á skjánum.

CCD myndflaga
800.000 pixla CCD myndflagan tryggir þér betri myndgæði en þú átt að venjast

640X aðdráttur
Með 640x digital og 20x optical aðdrætti nærðu öllum smáatriðum sem þú vilt.

Carl Zeiss linsa
Carl Zeiss linsan gefur hámarks djúpt og litagreiningu myndarinnar

skoðun

SJÓNARMÍÐ
GUÐMUNDUR MAGNÚSSON

Við þurfum fagmann sem útlátsstjóra en ákvörðun um hlutverk stofnunarinnar er mikilvægari:

Byrjað á öfugum enda

Umsóknarfrestur um embætti útlátsstjóra Ríkisútvarpsins rennur út á fimmtudaginn. Blaðaskrif og opinberar umræður undanfarna daga benda til þess að ýmsir hafi áhyggjur af því að í vendum sé áþekk uppákoma og varð í vor, þegar ráðinn var fréttastjóri að stofnuninni á pólitískum forsendum en ekki faglegum. Ekki leikur vafi á því að það mál skaðaði stofnunina, þótt á endanum hafi fundist farsæl lausn. Nú er þeim áskorunum ítrekað beint til Þorgerðar Katrínar Gunnarsdóttur menntamálaráðherra að ráða fagmann til starfa í stað þess að velja einhvern hlöðukálf stjórnarflokkanna.

Þessar áskoranir eru eðlilegar og réttmætar. Það væri gleðilegt ef menntamálaráðherra léti hugþrýði og skynsemi ráða vali sínu í stað þess að láta þá stjórnara sér sem sjá þjóðlífið og þjóðfélagið sem einn allsherjar sandkassa stjórnmálaflokkanna. En rétt er að hafa í huga að enn liggur ekkert fyrir um það úr hvaða hópi ráðherra hefur að velja. Kannski verður aðeins einn umsækjandi, sá sem stjórnaðliðar hafa hnippi í. Kannski skipta þeir tugum. Svo furðulegt sem það má vera eru engar sérstakar hæfniskröfur gerðar til útlátsstjóra, hvorki í lögum um Ríkisútvarpið né auglýsingu menntamálaráðuneytisins. Það er ekki einu sinni krafist „hæfni í mannlegum samskiptum“ eins og tíðkast í annarri hverri starfsauglýsingu á markaðnum, og er þó líklega fátt mikilvægara í ljósi reynslunnar en að útlátsstjóri geti átt hnökralaus samskipti við samstarfsfólk sitt.

Og jafnvel þótt Ríkisútvarpið verði svo lánsamt að fá góðan og gegnan útlátsstjóra, sem sátt getur ríkt um, er því miður ekki hálfur sigur unnin. Eftir er að kveða upp úr um það sem mikilvægara er, hvert eigi að vera hlutverk stofnunarinnar í breyttu fjölmiðlaumhverfi nútímans. Frumvarp til nýrra útlátslagana náði ekki fram að ganga á síðasta þingi. Það er út af fyrir sig gott, því það er stórgalláð. Viturlegast hefði verið að fresta ráðningu útlátsstjóra meðan það mál hefur ekki verið útkláð. Óhjákvæmilegt er að frumvarpið fari í róttæka endurskoðun á haustþinginu, og þá verði meðal annars tekið tillit til þess sem kannanir sýna um það, hvernig raunverulegt áhorf og hlustun á ljósvakamiðlana svokölluðu hefur þróast. Ríkisrekið útlátsstjóri er ekki einmitt gangstæðir á að standa á milli þjóðmenningar og upplýsingaflæðis um samfélagið.

Þótt umræður um nýjan útlátsstjóra séu út af fyrir sig góðar og gildar, er með þeim í rauninni byrjað á öfugum enda. Þing og þjóð þurfa fyrst að gera upp við sig hvert eigi að vera verksvið og hlutverk Ríkisútvarpsins. ■

KVÖLDRÁTTURINN
ALLA VIRKA DAGA



SIRKUS ER KOMINN Í LOFTIÐ!

SIRKUS

FRÁ DEGI TIL DAGS

Hlægilegt

Á hinu hægri sinni vefriti Vefþjóðviljanum eru menn lítt hífir af almenningssamgöngum. Allt á að vera einka. Strætisvagnarnir eru stöðugur skotspónn blaðsins sem segir að almenningur noti þjónustuna aðeins í neyð, þótt hún sé ódýr. „Skattgreiðendur á höfuðborgarsvæðinu greiða 4 milljónir á dag með rekstri strætisvagnanna og því er gjaldskrá vagnanna engin fyrirstaða fyrir þá sem vilja nota þá. Fullorðinn einstaklingur sem fer 40 ferðir á mánuði til og frá vinnu greiðir aðeins 88 krónur fyrir hverja ferð eða 3.500 á mánuði. Í samburði við rekstur á bíl er slíkur kostnaður hlægilegur. Það kostar 42 þúsund krónur að nota strætó allt árið. Sú fjárhæð hrekur fyrir tveimur smurningum og bifreiðagjöldum af venjulegum fjölskyldubíl.“

Skattþindir

Vefþjóðviljinn segir að á meðan skattgreiðendur styðji svo rausnarlega við bakið á strætisvagnarþegum séu bílegendur skattþindir, hvort sem er við kaup á bílnum sjálfum eða við rekstur hans. Aðeins áfengi og tóbak beri hærra skatta en bílar og eldsneyti. Samt séu strætisvagnarnir nær tómir alla daga. „Það er því eitthvað allt annað en kostnaður sem ræður því hvort menn nota bíl eða strætó. Reykjavík er allt of dreifð borg til að bera tíðar strætisvagnarferðir. Hún er raunar svo dreifbýl að það er ekkert útlit fyrir að strætó eigi sér viðreisnar von.“



Alltaf fljóttari

Vefþjóðviljinn segir að lág ferðatíðni strætisvagnanna þýði að menn verða alltaf fljóttari í fórum með einkabíl. Þegar við ferðir til og frá vinnu bæstast svo innkaupaferðir og ferðir eftir börnum á leikskóla og í tómsundurir er ekki að undra að menn kjósi einkabílinn. „Er það misnotkun á einkabílinum að nota hann þannig að menn eigi eina eða tvær klukkustundir á dag með fjölskyldunni umfram það sem menn gætu vænst notuðu þeir strætó?“ Og niðurstaða Vefþjóðviljans er þessi: „Að sætta sig við þjónustu strætó er eins og að sætta sig við að mega aðeins fara á netið eða nota síma á heila og hálfra tímnum og þurfa þá jafnframt að fara í regnfrakka og bomsur.“

gm@frettabladid.is

Endurgerðir tímar

Það fer einhvernvegin allt í hringi. Blessaður tíminn – sem við höldum gjarnan að við séum að missa af – minnir um margt á bjúgvörpíl sem kastast fram af krafti en kemur óðar aftan að okkur.

Ætli maður finni þetta ekki best á sjálfum sér.

Og börnunum.

Þrettán ára sonur minn situr inni í herberginu sínu og hlustar hugfanginn á Eagles í græjunum sínum; hótélherbergin í Kaliforníu þenjast út í hlustunum – og það er með það lag eins og tímann; menn geta skilað lyklinum hvenær sem þeim sýnist en þeir komast aldrei út.

Þessi barnungi strákur minn hefur verið að gramsa í gamla plötusafni föður síns á undanförunum árum. Og ekkert finnst honum betra en akkurat það besta sem ég hlustaði á fyrir æði mörgum áratugum. Allur gamli vinyllinn er kominn í endurnýjun lífdaga. Gömlu plötuumslögin með Cream og Derek and the Dominos eru lesin upp til agna; Clapton, Mayall og Hendrix – og hvað þeir hétu nú allir kallarnir sem mótuðu mann seint á sjöunda áratugnum og vel fram eftir þeim áttunda. Enn ein kynslóðin er að falla fyrir sama taktinum, sama hrynjandanum, að ekki sé talað um gítarslaufurnar og bassafletturarnar ... og allt þetta sem gerir gott bit að barmafullri unaðsveig.

Tíminn fer í hringi.

Annar sonur minn, sýnu eldri, fékkst lengi vel ekki til að borða fisk. Núna situr hann í keng úti í horni og nagar harðfisk af öllum lífs og sálarkröftum – og það sem meira er; klæðnaður stráks minnir að mestu á sjálfan mig á menntaskólaárunum fyrir aldarfjórðungi þegar hippamennin rann saman við blessað þónki. Mikið óskaplega sem þessi drengur minn er orðinn síðhæður og illa hirtur til höfuðsins. Með öðrum orðum er útgangurinn á honum agalegur, rétt eins og á sjálfum mér á sama aldri; peysan keypt á einhverjum flóamarkaði – í reynd ónýtt, skyrtan í skellum, buxurnar með bilaðan rennilás, skórnir án reima. Sum sé töff. Alveg ógurlega lekkert. Og þegar ég rambaði með þennan renglulega son minn inn í Kringluna fyrir síðustu jól í leit að almennilegum skóm á undarlega langa fætur hans hafði hann ekki áhuga á einu einasta taui sem þar var að finna af því að það virkaði svo nýtt, ónotað og alltof fint. Takk fyrir. Og við löbbuðum burt; ég á fínu Lloyd-skónum mínum, hann á gatslitnu strigaskónum með báðar tungurnar lafandi út á götu; hann al-

TÍÐARANDINN
SIGMUNDUR ERNIR RÚNARSSON



Það besta á hverjum tíma verður sígilt. Þannig hefur það alltaf verið. Það besta leitar alltaf glufunnar inn í samtímann á ný. Og af því klassíkin er þeirrar náttúru að þurfa alltaf á sinni framtíð að halda – öðruvísi uppgötvast hún ekki, getur enginn sagt hvort það verði ekki einmitt gangstæpparinn Snoop Dogg sem muni reynast eilífur þegar fram líða stundir.

sæll en ég með flóttaleg augun undir þungum brúm af því einfaldlega að elsti sonur minn minnti á máttvana betlara. Ó, já, þessir menntaskælingar allra tíma!

Það er einmitt á svona stundum sem maður hugsar um tímann. Ekki það að við kunnum ekki vel hvor við annan, við feðgarnir – en mér fannst eins og ég væri staddur í tímavél þegar ég stíkaði þarna með honum um Kringluna; að ég hefði sogan aftur til ársins 1977 ... ég á gangi með föður mínum út úr einhverri fataverslun á velmektarárum Sambandsins – uppreisnargjarn sonur ásamt útlátsstjóra mínum í vonlausri leit að framtíð sonar síns.

Það er þetta með tímann.

Bjúgvörpílinn.

Sama sagan skrifar sig aftur og aftur.

Og synir verða að feðrum og synir þeirra að svipmynd fyrri tíma.

Ég er byrjaður að grípa fyrir eyrum þegar nú ára sonur minn botnar útvarpið í bílnum og rjúkandi rappið fyllir bifreiðina af einhverjum rafmögnum óskapnaði. Ég er orðinn eins og faðir minn sem saup þessi líka lifandi býsn af hveljum þegar Jimmy Karlinn Page píndi gítarinn sinn í villtu útgáfunni af hundinum svarta og rykið í teppinu heima þyrtaðist sem snöggvást yfir tékkneska kristalinn. Já, Led Zeppelin þótti þeim gamla vont, en mikið lifandi ósköp sem Snoop Dogg er ömurleg væli í mínum eyrum. Það er óskaplegt til þess að hugsa af ef til vill muni barnabörnin mín finna einhverja hljómdiska með þessum líka kokkáláða klámkjaftri í rykföllnum pappakössum á hálofti sonar míns eftir aldarfjórðung eða svo og falla fyrir honum kylliflöt ... en líklega gerist það samt, af því tíminn endurtekur sig, endurgerir sig, endurnærir sig.

Það besta á hverjum tíma verður sígilt. Þannig hefur það alltaf verið. Það besta leitar alltaf glufunnar inn í samtímann á ný. Og af því klassíkin er þeirrar náttúru að þurfa alltaf á sinni framtíð að halda – öðruvísi uppgötvast hún ekki, getur enginn sagt hvort það verði ekki einmitt gangstæpparinn Snoop Dogg sem muni reynast eilífur þegar fram líða stundir.

Bítarnir voru orðljótir lubbar á sinni tíð, ögruðu steinrunnu samfélagi, þóttu hreinir klámkjaftri. Í dag eru þeir aðlaðir hjartaknúsarar. Þeir allra hörðustu í galsagangum dagurmenningarinnar í dag eru að endurtaka sama leikinn; storka staðnaðri hugsun. Þeir rispa yfirborðið á sama hátt og Lennon gerði fyrir fjörutíu árum, já eða Dylan, Morrison og Joplin. Það sem miðaldra feður eins og ég eru að býsnast yfir þessa dagana – og virðist vella út úr viðtækjunum eins og viðstöðulaus froða – svo ekki sé meira sagt – verður næsta örugglega einhver snildartaktur í ófyrirséðri framtíð. Og þá munu enn aðrir foreldrar horfa með aðdáun á táníngssyni sína setja þessa gömlu klassík á fóninn og halla sér aftur inn í rósráðan bjarma nostalgíunna.

Og þessir sömu foreldrar munu skrifa svona pistla eins og ég, hreint gáttaðir á bjúgvörpíl tímans. Ég verð kominn undir græna torfu, en Snoop Dogg klassískur; jafn saklaus og sætur og Lennon í fjarlægðinni. ■

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFLÁG: 365 – prentmiðlar RITSTJÓRI: Kári Jónsson FRÉTTARITSTJÓRAR: Sigrún M. Egilsson og Sigmundur Emir Rúnarsson AÐSTÖÐARRITSTJÓRI: Jón Kaldal FULLTRÚI RITSTJÓRA: Guðmundur Magnússon RITSTJÓRNARFULLTRÚI: Steinunn Stefánsdóttir AUGLÝSINGASTJÓRI: Þórnundur Bergsson RITSTJÓRN OG AUGLÝSINGAR: Skatthalió 24, 105 Reykjavík. AÐAL-SÍMI: 550 5000 SÍMBRÉF Á FRÉTTAÐEILD: 550 5006 NETFÖNG: ritstjorn@frettabladid.is og auglysingar@frettabladid.is VEFFANG: visir.is UMBROT: 365 – prentmiðlar PRENTVINNSLA: Isafoldarprentsmiðja ehf. DREIFING: Pósthúsið ehf. Dreifing@posthusid.is Fréttablaðið er dreift ókeypis á höfuðborgarsvæðinu, Suðurnesjum og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönum án endurgjalds. ISSN 1670-3871

Úrval af vönduðum borðstofuhúsgögnum

Eingöngu fánlegt í Hagkaupum Smáralind og á markaði Hagkaupa Óseyri 1 Akureyri



Vaxtalausar greiðslur í allt að 12 mánuði

Bedford
gegnheil eik
Borð: **49.900,-**
Stóll: **11.900,-**



Vaxtalausar greiðslur í allt að 12 mánuði

Borðstofuset
hvíttuð eik
borð + 4 stólar
verð frá
66.860,-



Vaxtalausar greiðslur í allt að 12 mánuði

Borðstofuset
kirsuberjaviður
borð + 4 stólar
verð frá
76.860,-



Úrval af borðstofustólum verð frá 7.990,-



Vaxtalausar greiðslur í allt að 12 mánuði

Borðstofuset
mahony
borð + 4 stólar
verð frá
75.860,-



Bedford
gegnheil eik
st. 60x120x45
verð
34.999,-



Sófaborð nr. 02
st. 60x120x45
verð
24.999,-



Sófaborð nr. 04
st. 60x120x45
verð
24.999,-



Vaxtalausar greiðslur í allt að 12 mánuði

Bedford skenkur
gegnheil eik
st. 165x50x87
79.900,-

Gildir til 22. júlí eða á meðan birgðir endast.

*Stimpil-, seðil- og lántökugjald ekki innifalið.

HAGKAUP

Skemmtilegast að versla

BILLIE HOLLIDAY (1915-1959)
lést þennan dag.



„Stundum er verra að vinna
rifrildi en tapa því.“

Billie Holiday er talin ein besta djasssöngkona síðustu aldar. Hún var oft kölluð Lady Day og lést úr eiturfjanslysi.

tímamót

timamot@frettabladid.is

PETTA GERÐIST

Afríkuríki sniðganga Ólympíuleika

Tuttugu og fimm Afríkuríki vantaði á opunarathöfn Ólympíuleikanna í Montreal í Kanada sem haldin var þennan dag árið 1976. Þjóðirnar ákváðu að draga sig út úr leikunum til að mótmæla því að Alþjóðaólympíuráðið skyldi neita þeirri kröfu að Nýja-Sjálandi yrði bannað að keppa á leikunum. Nýsjalenskt rúgbílið var á þessum tíma í keppnisferð um Suður-Afríku sem hafði verið útskýfað frá Ólympíuleikunum frá 1964 þar sem yfirvöld þar í landi neituðu að láta af kynþáttaóskilnaðarstefnu sinni. Talsmaður nýsjalenska liðsins sagði örökrétt að



17. JÚLÍ 1976

Nokkur Afríkuríki tóku þátt í leikunum.

einblína á Nýja-Sjáland þar sem 25 önnur lönd hefðu keppt í Suður-Afríku árinu áður. Meirihluti þeirra þjóða sem drógu sig úr leikunum hafði þegar sent landslið sín á staðinn og sneru þau heim þegar ákvörðunin var tekin. Eftir því sem leið á leikana drógu fleiri þjóðir sig úr keppni og að lokum vantaði 33 þjóðir á leikana. Mikið tekjutap varð vegna þessa, bæði þar sem hætta þurfti við ýmsa viðburði og endurgreiða sætagjöld. Suður-Afríku var bannað að keppa á leikunum til ársins 1992 þegar lög um aðskilnað voru felld úr gildi.

MERKISATBURÐIR

- 1882** Niels R. Finsen verður stúdent frá Lærða skólanum. Hann hlaut Nóbelsverðlaun í læknisfræði árið 1903.
- 1932** Stytta af Leifi heppna er afhjúpuð á Skólavörðuholti.
- 1946** Íslendingar há í fyrsta sinn landsleik í knattspyrnu, við Dani sem sigra með þremur mörkum gegn engu.
- 1955** Disneyland opnar í fyrsta sinn.
- 1974** Sprengja springur í Tower of London. Einn maður lætur lífið.
- 1975** Bandaríska geimskipið Apollo 18 og sovéska geimskipið Soyuz 19 tengast úti í geimi. Geimfarar skipanna tókust í hendur og skiptust á gjöfum.
- 1991** Arnór Guðjohansen skorar fjögur mörk í landsleik í knattspyrnu við Tyrki.

ANDLÁT

Hlynur Sigtryggsson, fyrrverandi veðurstofustjóri, lést aðfaranótt fimmtudagsins 14. júlí

Yngvi Ólafsson, fyrrv. deildarstjóri, Skúlagötu 52, Reykjavík, andaðist föstudaginn 8. júlí.

Ásta Kristín Erlingsdóttir, grasalæknir, lést föstudaginn 8. júlí.

AFMÆLI

Árni Kolbeinsson hæstaréttardómari er 58 ára.

Ögmundur Jónasson þingmaður er 57 ára.


Valgerður Gunnarsdóttir skólameistari Framhaldsskólans á Laugum er 50 ára.



FÆDDUST PENNAN DAG



1889 Erle Stanley Gardner spennusagnahöfundur.



1934 Donald Sutherland leikari.



1952 David Hasselhoff leikari og söngvari.

LEGSTEINAR
S. HELGASON
Skemmuvegi 48
S: 557 6677
www.steinsmidjan.is



TÚBA Bjarni með túbuna góðu

BJARNI GUÐMUNDSSON TÚBULEIKARI HÆTTIR HJÁ SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT ÍSLANDS EFTIR 37 ÁR

Hefur samkennd með Tobba túbu

„Ég ákvað þetta ekki, mér var gert að hætta. Hljómsveitarstjórinn okkar ný og ferski vildi ekki hafa svona gamlingja, hann vildi fríska upp á liðið,“ segir Bjarni Guðmundsson túbuleikari sem lætur af störfum hjá Sinfóníuhljómsveit Íslands eftir 37 ára starf. Hann segist þó sáttur við þann starfslokasamning sem gerður var við hann.

„Þetta er búið að vera skemmtilegur tími að mestu leyti. Það sem er svo gaman er að maður kom inn í hljómsveitina þegar hún var ennþá á barnskónum og fylgdist með hvernig hún dafnaði, stækkaði og varð sífellt betri,“ segir Bjarni sem þó mun ekki sakna þess að spila með hljómsveitinni. „Ég er alveg orðinn saddur. 37 ár er langur tími á sama stað.“

Verkið um Tobba túbu er Bjarna minnisstæðast af tíma sínum í Sinfóníunni. Þar lék Bjarni einleik og var verkið tekið upp á plötu og spilað við ýmis tækifæri. „Ég held ég hafi haft samkennd með honum. Maður er einn á hljóðfæri og svoltið einmana. Allir hinir hafa sameiginlegt umræðuefni sem er hljóðfærið en sá sem er einn á hljóðfæri verður að tala við sjálfan sig,“ segir Bjarni og hlær.

Bjarni er sjálfærður á hljóðfæri sitt. „Ég datt inn í þetta,“ segir Bjarni sem fór í lúðrasveit 17 ára gamall. Túban varð fyrir val-



Í DANMÖRKU Bjarni er sjálfærður túbuleikari og hóf að spila á túbu fyrir hálfgerða tilviljun.

inu af því að það vantaði einhvern til að spila á hana. Tuttugu og þrjú ára fór Bjarni í prufu hjá Sinfóníunni en þá bráðvantaði túbuleikara. „Menn voru vöðalega hrifnir af þessum unga túbuleikara og vildu endilega að ég heldi áfram,“ segir Bjarni sem telur öruggt að ungir túbuleikarar sem nú eru að koma fram séu betri en hann. „Ég hef verið innan um unga nemendur og þeir eru alveg ótrú-

lega góðir. Ég ætti engan séns í þá,“ segir Bjarni sem ætlar áfram að kenna börnun á lúðra en hann starfar hjá Barnalúðrasveit Reykjavíkurborgar.

„Ég hef mjög gaman af því að kenna,“ segir Bjarni sem er staddur í Kaupmannahöfn ásamt kærustu sinni til nokkurra mánaða. Þau eru á leiðinni til Barcelona en það hefur lengi verið draumur Bjarna að koma þangað. ■



Ástkær faðir okkar, tengdafaðir, fyrrverandi sambýlismaður, sonur og bróðir,

Gestur Bjarnason
frá Fremri-Hvestu í Arnarfirði,

lést á líknardeild Landspítalans í Kópavogi sunnudaginn 10. júlí. Útförin fer fram frá Safnaðarheimilinu í Sandgerði þriðjudaginn 19. júlí kl. 14.00. Minningarathöfn fer fram frá Bíldudalskirkju laugardaginn 23. júlí kl. 13.30. Jarðsett verður í Bíldudalskirkjugarði.

Elvar Geir Gestsson Linda Ström
Ásdís Gestsdóttir Ævar Örn Ómarsson
Arnar Geir Gestsson
Guðrún Geirsdóttir
Ragnhildur Finnbogadóttir
Sigríður Bjarnadóttir
Guðbjartur Ingi Bjarnason
Margrét Bjarnadóttir
Guðbjörg Bjarnadóttir
Kristófer Bjarnason
Marínó Bjarnason
Jón Bjarnason
Ingbjörg Bjarnadóttir
Elín Bjarnadóttir
Gestný Bjarnadóttir
Katrín Bjarnadóttir
Dagur Bjarnason
Ragnar Gísli Bjarnason
og aðrir aðstandendur.



Ástkær faðir minn, tengdafaðir, afi og bróðir,
Hlynur Sigtryggsson
fyrrverandi veðurstofustjóri, lést aðfaranótt 14. júlí.


Útför hans fer fram frá Dómkirkjunni í Reykjavík föstudaginn 22. júlí kl. 11 f.h.

Ragnheiður Hlynsdóttir
Georg A. Bjarnason
Hlynur Georgsson
Sóley Soffía Georgsdóttir
Þröstur Sigtryggsson

FLEIRI HLUSTENDUR SEM HLUSTA MIKLU LENGUR


GOTT FOLK MCGANN

Íslendingar undir 50 ára:
Allt landið - Uppsöfnuð dekkun



Áheyrendur okkar eru fleiri...

Íslendingar undir 50 ára:
Allt landið - Markaðshlutféld meðalhlustun í mínútum



... og hlusta lengur!

BLT STENDUR FYRIR BYLGJUNA, LÉTT 96,7 OG TALSTÖÐINA

Hlustendur okkar eru þinn markhópur – 75% Íslendinga 50 ára og yngri hlusta á Bylgjuna, Létt 96,7 eða Talstöðina í viku hverri. Jafnframt hlusta þeir meira á þessar stöðvar en aðrar.

Samkeyrðar auglýsingar á BLT tryggja að skilaboðin þín komast áleiðis til mikilvægasta markhópsins.

Samkvæmt könnun Gallups í júní 2005
*Fm 95,7, X-ið Kiss Fm, X FM, Saga





STJÓRNARSKRÁ ÍSLANDS
Endurskoðuð

IV. HLUTI

Samstaða um innleiðingu þjóðaratkvæðis?

Áfangaskýrsla í haust

Stjórnarskrárnefnd, sem hefur það verkefni að leggja fram frumvarp að breytingum á stjórnarskrá lýðveldisins fyrir árslok 2006, stóð í liðnum mánuði fyrir ráðstefnu þar sem fulltrúar félagasamtaka fengu tækifæri til að færa rök fyrir tillögum sínum að upp færslu stjórnarskrárinnar og ræða þær við fulltrúa stjórnarskrárnefndar og aðra borgara. Þessar tillögur voru af margvíslegasta tagi en hér á síðunni er stíkláð á stóru um þær.

Nefndin mun nú, í samræmi við vinnuáætlun sína, nota næstu mánuði til að vinna úr þeim tillögum sem fram hafa komið frá almenningi og innan nefndarinnar. Er gert ráð fyrir því að á haustmánuðum verði áfangaskýrsla lögð fram til almennrar umræðu. Athyglisvert verður að sjá þá skýrslu, en í henni má ætla að greina með þau atriði sem líklegust eru til að samstaða náist um.

Þjóðaratkvæði

Ljóst er að þótt ákveðið hafi verið að ein-skorða endurskoðunina nú ekki við fyrsta, annan og fimmta kafla stjórnarskrárinnar, eins og upprunalegt erindisbréf stjórnarskrárnefndar hljóðaði upp á, er sennilegra að samstaða náist um breytingar ef þær verða ekki of víðtækar. Út úr viðbrögðum nefndarfulltrúa á ráðstefnunni 11. júní mátti lesa að hugmyndir um innleiðingu möguleikans á þjóðaratkvæðagreiðslum nytu allbreiðs hljómgrunn. Þetta mat kom meðal annars fram í lokaorðum Geirs H. Haarde, varaformanns stjórnarskrárnefndar, en hann sleit ráðstefnunni.

Þjóðaratkvæðagreiðslur þykja koma til greina í þrenns konar samhengi. Í fyrsta lagi í tengslum við svonefndan málskotsrétt forseta skv. 26. gr. Deilur síðasta sumars sýndu að skýra þyrfti hvernig þetta ákvæði skyldi framkvæmt. Einnig hefur því verið varpað

fram að kjósendum verði færður sjálfstæður réttur til að knýja fram þjóðaratkvæði – svo sem með söfnun tilskilins fjölda undirskrifa – og sá réttur gæti komið í stað málskotsréttar forsetans.

Í öðru lagi þykir koma til greina að breyta aðferðinni við að samþykka stjórnarskrár-breytingar þannig, að kjósendur fái að greiða atkvæði beint um þær.

Í þriðja lagi hefur komið til umræðu að er stjórnvöld gera alþjóðasamninga sem fela í sér umtalsvert framsal á ríkisvaldi skuli bera slíka samninga undir þjóðaratkvæði.

Spennandi verður að sjá hver niðurstaðan verður, en virkt ákvæði um þjóðaratkvæði – og þar með beint lýðræði – myndi marka talsverð tímamót.

Auðunn Arnósson

Lýðræði, valdmörk og alþjóðasamstarf

Farið var yfir vítt svið í umræðum um endurskoðun stjórnarskrárinnar á ráðstefnu stjórnarskrárnefndar fyrir í sumar.

Alls var það 21 félag sem sendi inn erindi til stjórnarskrárnefndar fyrir tilskilinn frest fyrir ráðstefnunna 11. júní síðastliðinn. Erindin eru birt á heimasíðunni www.stjornarskra.is.

Meðal þessara félaga eru Barnaheill, BSRB, Félag heyrnarlaustra, Frjálsbyggjufélagið, Heimssýn, Landvernd, Mannréttindaskrifstofa Íslands, Reykjavík Akadémían, Samtök um aðskilnað ríkis og kirkju, Samtök herstöðvaandstæðinga, Skýrslutæknifélag Íslands, UNIFEM á Íslandi, Undirbúningshópur kvenna um stjórnarskrárbreytingar, Þjóðarhreyfingin og Öryrkjabandalag Íslands. Á heimasíðunni er einnig að finna erindi nokkurra einstaklinga til nefndarinnar.

Samræmi og misræmi

Umræðunum um tillögunar var á ráðstefnunni skipt upp í þrjár málstofur. Í fyrstu tveimur málstofunum var fjallað um nokkuð hefðbundin efni sem eru til umræðu í öllum lýðræðisríkjum, lýðræði annars vegar og þrískiptingu ríkisvalds hins vegar. Þriðja málstofan bar yfirskriftina Ísland í alþjóðlegu umhverfi, en þar var fjallað um nýstárlegri álitaefni eins og hvort taka eigi upp í stjórnarskrá ákvæði um alþjóðasamstarf. Þar voru enn fremur rædd skyld efni eins og hvort binda eigi í stjórnarskrá ákvæði um umhverfisvernd.

Allnokkur samhljómur var í tillögum sumra félagasamtakanna, en áberandi misræmi milli annarra.

Meðal þess sem nefnt er í erindum nokkurra samtaka er álitaefni um að embætti forseta Íslands verði lagt niður. Slíka tillögu er að finna í erindum sem stjórnarskrárnefnd barst frá Sambandi ungra sjálfstæðismanna, Frjálsbyggjufélaginu og Hinu íslenska félagi áhugamanna um stjórnskipan.

Annað atriði sem lagt er til í erindum nokkurra samtaka er að ákvæði um þjóðaratkvæðagreiðslur verði tekið upp í stjórnarskrána. Ýmsir vilja að skilið verði að fullu milli ríkis og kirkju. Samtök ungra sjálfstæðismanna, Frjálsbyggjufélagið og Hið íslenska félag áhugamanna um stjórnskipan leggja til að allur VI. kafli stjórnarskrárinnar, sem kveður á um stöðu þjóðkirkjunnar og réttindi trúfélaga, verði felldur brott úr stjórnarskránni. Síðmennt, félag síðrænna humanista á Íslandi, og SARK, Samtök um aðskilnað ríkis og kirkju, vilja að 62. grein stjórnarskrárinnar verði afnumin, en í henni er kveðið á um að „Hin evangelíska lúterska kirkja skuli

vera þjóðkirkja á Íslandi og skuli ríkisvaldið að því leyti styðja hana og vernda“. Bæði samtök beita sér fyrir afnámi allra sér-rettinda þjóðkirkjunnar í stjórnskránni og lögum.

Tvenn samtök – Þjóðarhreyfingin með lýðræði og Samtök herstöðvaandstæðinga – leggja til að bundið verði í stjórnarskrá að aldrei skuli stofnaður íslenskur her og að Ísland fari aldrei með öfriði á hendur öðrum þjóðum.

Og allnokkur fjöldi samtaka vill að mannréttindakafli stjórnarskrárinnar verði styrktur enn frekar. Lúta tillögur Mannréttindaskrifstofu Íslands, Öryrkjabandalags Íslands, Barnaheilla, Kvinnahreyfingarinnar, UNIFEM á Íslandi og Samtakanna '78 að þessu.

Loks lúta tillögur nokkurra samtaka að því að stjórnarskrárbinda skyldu ríkisvaldsins til umhverfisverndar og að vissar náttúruauðlindir verði almenningseign. Þetta á meðal annars við um erindi Landverndar, BSRB og Náttúruvaktarinnar. Nefna má að í tillögum annarra félaga – einkum Frjálsbyggjufélagsins, Samtaka ungra sjálfstæðismanna og Hins íslenska félags áhugamanna um stjórnskipan – er því alfarið hafnað að hvers konar ákvæði um sameign auðlinda sé bundið í stjórnarskrá. Þannig segir til dæmis í ályktun Hins íslenska félags áhugamanna um stjórnskipan: „Sameign á náttúruauðlindum og ákvæðum um umhverfisvernd skal hafna. Sameignarskipulag hefur ekki reynt föklu vel, í ríkjum sameignarskipulagsins hefur fólk soltið og ekki haft tækifæri til að uppfylla drauma sína. Öflugt umhverfisverndarákvæði er þegar í stjórnarskránni þar sem er eignarréttarákvæði 72. gr. Verður það ákvæði að teljast full-nægjandi en aukin heldur hið eina sem eðlilegt er að setja.“

Lýðræði á upplýsingatæknioöld

Í undirbúningsgögnum stjórnarskrárnefndar fyrir ráðstefnunna segir um fyrstu málstofuna:

„Ekki er um það deilt að í lýðræðisríki þrettur allt vald frá þjóðinni. Þessa sér stað í íslenskri stjórnskipan þar sem kjósendur velja alþingismenn með reglulegu millibili og kjósa forseta í beinum kosningum.“ Þar er einnig rakið að stjórnarskráin geymi ákvæði um þjóðaratkvæðagreiðslur sem þó hafi aldrei reynt á fyrr en sumarið 2004, þegar forseti sýndi lagafumvarpi staðfestingar skv. 26. grein. Einnig geri stjórnarskráin ráð fyrir þjóðaratkvæðagreiðslu um hvort forseta skuli víkið úr embætti, skv. 11. grein,

og vegna breytinga á kirkjuskipun, skv. 79. grein. Eftir sem áður sé fulltrúalýðræðið einn af hornsteinum íslenskrar stjórnskipunar.

Reyna ætti að svara þeirri spurningu hvort þörf sé á að útfæra með öðrum hætti en nú er lýðræðislegan rétt almennings til að hafa áhrif á stjórn mála á landsvísi eða á vettvangi sveitarstjórna. „Hvernig má prófa fulltrúalýðræðið á upplýsingaöld þannig að það svari sem best kröfum tímans?“

Samhuganleg umræðuefni í þessari fyrstu málstofu ráðstefunnar voru nokkur atriði nefnd: Væri ástæða til að veita einhverjum öðrum en forseta, t.d. tilteknum fjölda þingmanna eða kjósenda, heimild til að krefjast þjóðaratkvæðagreiðslu um mál, svo að bindandi sé? Væri rétt að mæla fyrir um þjóðaratkvæðagreiðslu í fleiri tilvikum en nú er gert, t.d. þegar um er að ræða breytingar á stjórnskránni eða framsal á ríkisvaldi til alþjóðlegra stofnana? Er ástæða til að breyta tilhögum á kjöri Alþingis eða forseta? Hvaða áhrif myndu þjóðaratkvæðagreiðslur hafa á stöðu Alþingis? Er þörf á ákvæðum í stjórnarskrá um rétt almennings til upplýsinga og virkrar þátttöku milli kosninga?

Meðal erinda sem féllu inn í þessa umræðu voru innlegg Skýrslutæknifélags Íslands og ReykjavíkurAkademíunnar. Skýrslutæknifélag Íslands sendi inn erindi þar sem það vakti athygli á hugmyndum sem tengjast upplýsingatækni og miklum áhrifum hennar á nútímasamfélagið. Hugmyndirnar snúa að birtingu laga og reglna með raf-rænum hætti (27. gr. stjórnarskrárinnar), rafrænum kosningum og skoðanakönnunum, virkri þátttöku almennings á milli kosninga með aðstoð upplýsingatækni, áhrifum upplýsingatækni á persónuvernd og friðhelgi einkalífs. Og loks að áhrifum upplýsingatækni á tjáningarfrelsið og notkun og vernd íslenskrar tungu og áhrif upplýsingatækni á þennan þátt.

„Lögbundið samráð stjórnvalda við einstaklinga og félagasamtök geta verið með ýmsu móti, eins og þekkt er í skipulags- og umhverfismálum. Skyldu stjórnvalda til samráðs af þessu taginu þarf að festa í stjórnarskrá. En samráð er ekki sama og ákvörðun. Í því samhengi er helst lítið til þjóðaratkvæðagreiðslu eða almennrar atkvæðagreiðslu, t.d. í sveitarfélögu.“ segir í erindi ReykjavíkurAkademíunnar. Þá segir: „Hér vakna nokkrar spurningar: Í fyrsta lagi: Hver getur boðað til



BORGARARNIR Hafa orðid Frá ráðstefnu stjórnarskrárnefndar 11. júní síðastliðinn, þar sem um 100 manns mættu til að ræða endurskoðun stjórnarskrárinnar.

slíkrar atkvæðagreiðslu? Í öðru lagi: Hver getur verið höfundur þeirra tillagna sem greitt er atkvæði um? Í þriðja lagi: eru niðurstaður kosningarinnar bindandi eða ráðgefandi? Mest hefur verið rætt um fyrstu spurninguna, en hinar eru ekki síður mikilvægar. Á að binda rétt almennings til að greiða atkvæði um mál sem koma frá hinum formlegu stofnunum hins opinbera, eða á að veita frjálsu félagum beinan tillögurétt? Hér er spurningin ekki um það hvort kjósendur eigi að fá að hafa síðasta orðið um löggjöf, heldur ekki síður hvort þeir mega eiga fyrsta orðið, ef svo má að orði komast. Eiga kjósendur að vera löggjafinn í almennri atkvæðagreiðslu, eða einungis til ráðgjafar við löggjafarþingið?“

Þrískipting ríkisvalds og eftirlit

Í annarri málstofunni var fjallað um þá þætti sem snúa að valdmörkum þeirra stofnana sem eru handhafar ríkisvaldsins. Í stjórnarskrá er ákveðið hvernig meðferð ríkisvalds skuli háttá, hvaða stofnanir komi þar við sögu og hvert samspil eigi að vera á milli þeirra. Verkaskipting milli ólíkra handhafa ríkisvalds á að tryggja gagnkvæmt aðhald og að löggjöf fái vandaða umfjöllun. Um leið þarf lýðræðislega kórinn stjórn nægilegt svigrúm til að hrinda stefnumálum sínum í framkvæmd, oft með skjóttum hætti þegar mikið liggur við.

Í málstofunni var meðal annars rætt hvort endurskoða þurfi skráðar grundvallarreglur um helstu handhafa ríkisvalds, til þess að stjórnarskráin endurspegli betur raunveruleikann. Og hvort útfæra þyrfti betur hlutverk ólíkra stofnana og embættanna til að tryggja sem best gagnkvæmt aðhald, skilvirkni og að ríkisvaldi sé beitt af höfsemi og skynsemi í þágu borgaranna.

Aherslan var á þessu atriði: Eftirlit Alþingis með stjórnsýslunni – er ástæða til að mæla (frekar) fyrir um hlutverk stofnana eins og umboðsmann Alþingis og ríkisendurskúðunar? Er þörf á að endurskoða ákvæði um rannsóknarnefndir á vegum Alþingis? Er ástæða til að hnykkja á þingræðisreglunni og útfæra

hana nánar? Á að breyta embætti forseta Íslands, t.d. með því að auka völd hans eða draga úr þeim? Ætti að kveða á stjórnarskránni á um vald dómstóla til að skera úr um stjórnskipulegt gildi laga? Á að styðja stjórnarskrár-eftirlitið með einhverjum hætti? Er ástæða til að viðhalda heimild til útgáfu bráðabirgðalaga?

Ísland í alþjóðlegu umhverfi

Í þriðju málstofunni var rætt um það hvaða breytinga sé þörf á stjórnarskránni vegna þeirra miklu breytinga sem orðið hafa á alþjóðatengslum Íslands frá því lýðveldisstjórnarskráin tók gildi. Ísland tekur sívaxandi þátt í alþjóðlegu samstarfi. Hefur í því sambandi reynt allnokkuð á þan-þol gildandi ákvæða um fullveldi þjóðarinnar og að meðferð ríkisvalds sé alfarið í höndum innlendrar stjórnvalda.

Spurt var hvort ástæða væri til að setja í stjórnarskrá ákvæði um þátttöku í alþjóðlegu samstarfi og hvort taka bæri upp annars konar ákvæði um grundvallargildi íslensku þjóðarinnar á 21. öld.

Meðal sértækra spurninga sem velt var upp í þessu samhengi voru: Á að taka upp í stjórnarskrána heimild til framsal á einstökum þáttum ríkisvalds til alþjóðlegra stofnana að uppfyllt um tilteknum skilyrðum? Á að mæla fyrir um aukna þátttöku Alþingis í mikilvægum ákvörðunum á sviði utanríkismála? Er ástæða til að taka upp í stjórnarskrá ákvæði um þjóðareign á náttúruauðlindum, um umhverfisvernd, vernd íslenskrar tungu og menningararfs? Í því sambandi má hugleidda hvort rétt sé að vísa sérstaklega til alþjóðlegrar samvinnu um mannréttindi og fjalla um skyldu ríkisins til að framfylgja ákvæðum alþjóðlegra mannréttindasamninga.

Spurningum, ábendingum og hugmyndum um efni á stjórnarskrársíðu Fréttablaðsins er unnt að koma á framfæri í tölvupósti.

NETFANGIÐ ER:
stjornarskra@frettabladid.is

Emilíana komin í gull

Söngkonan Emilíana Torrini er væntanleg til landsins á miðvikudaginn í næstu viku. Á Íslandi ætlar hún, eins og kunnugt er, að halda tónleika í Reykjavík, Akureyri, Víkurbæ og á Borgarfirði eystri. Á heimasíðu drottningarinnar kemur fram að Emilíana verði með leynilega tónleika á Íslandi þriðjudagskvöldið 26. júlí.

„Við ákváðum að gera þetta til að koma til móts við kröfur um aukatónleika,“ segir tónleikahaldarinn Grímur Atlason. „Við höfum nánast ekkert auglýst tónleikaferðalag hennar hér á landi en það lítur út fyrir að alls staðar verði uppselt enda hefur Emilíana ekki sungið hér á landi í mörg ár.“

Grímur vill ekki gefa upp hvar leynitónleikarnir verði haldnir að svo stöddu. Hann segir tónleikana verða haldna á óhefðbundnum stað í hjarta borgarinnar. „Það komast líklega færri þar að en vilja.“

Frægðarsól söngkonunnar Emilíönu Torrini ris hátt um þessar mundir. Tónleikaferðalag hennar hefur undið upp á sig og hún er nú þegar búin að koma fram víðast hvar í Bandaríkjunum, Evrópu og Ísrael.

Tónlistargagnrýnendur virðast vera á einu máli um að Emilíana sé rísandi stjarna en gagnrýnandi Guardian er meðal þeirra sem lofa Emilíönu. Þar fékk hún fjórar stjörnur fyrir tónleika sem hún hélt á Jazz Café í London.

Nýjasta platan, Fisherman's Woman, hefur rokselst. „Platan er nú þegar komin í gull hér á landi,“ segir Jóhann Ágúst Jóhannsson, starfsmaður 12 tóna, „og hefur selst í sex þúsund eintökum.“ Nýja platan inniheldur efni sem er rólegra og töluvert ólíkt því sem áður hef-



EMILÍANA TORRINI Sjömannskonan vakti stormandi lukku á Glastonbury-tónlistarhátíðinni í Bretlandi þar sem hún tróð upp í byrjun mánaðarins. Aukatónleikar með söngkonunni, sem mikil leynd hvílir yfir, verða haldnir á Íslandi þriðjudagskvöldið 26. júlí.

ur heyrst frá Emilíönu. Fisherman's Woman vann Emilíana í samstarfi við pródúsentinn Dan Carey en fyrsta verkefnið þeirra var danssmellurinn Slow sem þau sömdu fyrir Kylie Minogue. Emilíana segist lengi hafa beðið eftir því að hitta samstarfsfélagi á borð við Dan Carey og velgengni nýju plötunnar Fisherman's Woman ber samstarfinu gott vitni.

Emilíana kemur hingað til lands ásamt umboðsmanni sínum og kærasta, Jamie Cruisey, hljóðmanni og þriggja manna hljómsveit. Trúbadorinn Þórir hitar upp fyrir tónleikana á Nasa áður en Emilíana stígur á svið en að loknum tónleikunum heldur hljómsveitin Nix Nolte uppi fjöri fram á nótt.

thorakaritas@frettabladid.is

HORFINN

Við leitum að Torfa Magnússyni úr Reykjavík. Síðast þegar fréttist til Torfa var hann á leið til vinkonu sinnar í Hlíðunum. Hann sagði að hann yrði enga stund en nú hefur ekkert heyrst frá honum í 10 mínútur. Alveg típski fyrir stráka að hverfa bara án þess að láta vita af sér. Ef þú sérð Torfa, segðu honum að nota SOS næst þegar inneignin klárast.

SOS

LÁTTU VITA AF ÞÉR

og

vodafone

Heyrumst!

Komdu í Og Vodafone verslun, smelltu þér á www.ogvodafone.is eða hringdu í 1414 og fáðu nánari upplýsingar.

AUGLÝSINGASÍMI

550 5000

FRÉTTABLAÐIÐ

MYND: VALGARÐUR GÍSLASON



STÓRSVEIT NIX NOLTES Trommuleikari Emilíönu er meðlimur Stórsveitarinnar Nix Nolte en hljómsveitin stígur á svið Nasa á eftir Emilíönu á fimmtudagskvöldið

Spilar með Nix Noltes og Emilíönu Torrini

„Fólki finnst gaman að spila og dansa við þessa tónlist“ segir Ólafur Björn Ólafsson hljómsveitarmeðlimur Stórsveitarinnar Nix Noltes en sveitin kemur fram á eftir tónleikum söngkonunnar Emilíönu Torrini á Nasa á fimmtudagskvöldið. „Það verða nú til tólf manns á sviðinu en við spilum aðallega búlgarska þjóðlagatónlist og tónlist frá Balkanskaganum í okkar eigin útsendingum.“

Ólafur Björn kemur ekki einungis fram með Stórsveitinni Nix Noltes heldur einnig með söngkonunni Emilíönu Torrini en hann er trommuleikari hljómsveitar hennar. Aðspurður um hvernig samstarfið hafi komið til segir hann. „Ég hef þekkt Emilíönu síðan við vorum sextán og einhvern veginn ætlaðist það þannig að hún fékk mig með í tónleikaferðina þar sem hún fylgir eftir nýju plötunni sinni, Fisherman's Woman. Þetta er búið að vera mjög

góður tími og Emilíönu og tónlist hennar er alls staðar tekið vel.“

Ólafur Björn dvaldi þrjár vikur í Bandaríkjunum í hljómsveitarferðalaginu með Emilíönu Torrini en kemur fram í Normandí í Frakklandi um helgina. „Við höfum spilað víðast hvar í Evrópu og meira að segja komið fram í Ísrael. Tónleikaferðalagið hennar er alltaf að vinda meir og meir upp á sig en ég er spenntastur fyrir því að fara til Bolungarvíkur og á Borgarfjörð Eystri,“ segir Ólafur Björn og bætir við: „Á þá staði hef ég aldrei komið áður.“

Stórsveitin Nix Noltes kemur þó aðeins fram á tónleikum Emilíönu á Nasa í Reykjavík. „Í lok júlí kemur út fyrsta plata Nix Noltes hjá 12 tönnum og þá höldum við útgáfutónleika á Hótel Borg. Svo spilum við á Innipúkanum um Verslunarmannahelgina og á festivali sem heitir Krútt 2005 og verður haldið á Snæfellsnesi.“ ■

SÉRBLAÐ UM GOLF

FYLGIR FRÉTTABLAÐINU 19. JÚLÍ



Góðar vörur



MODEL: 585

SESSALONG KR. 249.800 / 2JA SÆTA KR. 139.900

LEÐURÁKLÆÐI LITUR: CREAM



MODEL: Y-076

LEÐURSTÓLL VERÐ KR. 12.800
LITUR: BRÚNN



MODEL: A-78

LEÐURSTÓLL VERÐ KR. 39.900
LITUR: HVÍTUR



VALENCIA

LEÐURSTÓLL VERÐ KR. 12.800
LITIR: SVART, HVÍTT, CREAM OG BRÚNT



CHATEAU D'AX
MODEL: 7551

HORNSÓFI 2+H+2 (250X250) ÁKLÆÐI: KR. 199.800 (BRÚNT),
LEÐUR: KR. 229.800 (KONÍAKSBRÚNT OG LJÓSBRÚNT)

, gott verð!



LITIR: HVÍTT, SVART, CREAM OG KONÍAKSBRÚNT

ANTONIO
HORNÓFI 2+H+2 (225X225) LEÐUR: KR. 179.800



ISLANDIA
VÖNDUÐ BORÐSTOFUHÚSGÖGN
Í EIK OG HNOTU

DÆMI UM VERÐ (FLEIRI STÆRÐIR Á BUFFET, SKÁPUM OG BORÐUM)

BUFFET 165 SM.	KR. 139.900
GLERSKÁPUR 165 SM.	KR. 268.800
BORÐ 165X100 SM. + 2X 45SM. STÆKK.	KR. 89.800
LEÐURSTÓLL	KR. 12.800



MOGART
VÖNDUÐ BORÐSTOFUHÚSGÖGN
Í TULIPVIÐ

BUFFET 200 SM.	KR. 189.900
GLERSKÁPUR 115 SM.	KR. 169.800
BORÐ 100X180 SM. + 2X 55SM. STÆKK.	KR. 99.800
LEÐURSTÓLL	KR. 12.800



RELAX HÆGINDASTÓLL,
ALKLÆDDUR LEÐRI KR. 69.800



Opið: Virka daga kl. 10-18
laugardaga kl. 11-14

HÚSGAGNAVERSLUN

Síðumúla 20 | sími 568 8799 | www.ondvegi.is | ondvegi@ondvegi.is



LITUR:
LJÓSBRÚNN

CHATEAU D'AX
MODEL: 3418

3JA OG 2JA SÆTA LEÐURÓFASETT KR. 229.800



BÍÓÞÁTTURINN
Í umsjón Odds Ástráðssonar.
Á Talstöðinni alla sunnudaga.



SMS-GÁTAN:

Hvað veist þú um Svona er sumarið 2005?

Merktu við rétt svör. Stafirnir fyrir framan hvert rétt svar mynda lausnarorð sem þú sendir í þjónustunúmerið 1900.

Dæmi: Lausnarorðið er páfinn. Þú sendir skeytið JA MYND PAFINN í þjónustunúmerið 1900.

Vinningur fyrir SMS-gátuna er geisladiskurinn Svona er sumarið 2005.

„Leystu gátuna! Þú gætir unnið geisladiskinn Svona er sumarið 2005 með öllum aðalsmellum sumarsins.“

Hvað heitir lag Nylon söngflokksins sem er á plötunni?

d) Trans, trans, trans s) Dans, dans, dans k) Fans, fans, fans

Hvað er Sálin hans Jóns míns með mörg lög á plötunni?

f) 1 u) 2 g) 3

Í hvaða raunveruleikabætti urðu Heiða og Hildur Vala frægar?

a) Allt í drasli g) Brúðkaupsbættinum Já m) Idol stjórnuleit

Hvers konar tónlist eru Paparnir þekktastir fyrir að flytja?

a) írsla þjóðlagatónlist r) rokk t) rapp

Hvað er bróðir hennar Svölu Björgvins oftast kallaður?

f) Valur l) Örn r) Krummi



Vinningshafi í SMS-leik síðustu viku var:

Ingunn Anna Ragnarsdóttir

SMS skreytið kostar 99 krónur.

Hin klikkaða Katie Holmes

Allt lítur út fyrir að Katie Holmes sé ekki minna klikkuð en Tom Cruise, ef marka má viðtal sem blaðamaðurinn Robert Haskell tók fyrir ágústblað tímaritsins W. Margir hafa haft áhyggjur af Katie og sagt hana vera fórnarlamb viðskipta-fyrirkomulags sem hinn valdamikli Tom hafi komið í kring en sú virðist þó ekki vera raunin.

Robert hefur gefið út brot af viðtalinu og af því að dæma er Katie litla ekki með öllum mjalla. Öllum spurningum blaðamannsins svaraði hún með orðunum „Tom er ótrúlegur“, „Tom er maður drauma minna“ eða „Tom er stórkostlegasti maður heims“, þrátt fyrir að svörin ættu engan vegin við spurninguna. Það var sama hvað Robert reyndi að fá hana til að gefa honum vitræn svör – alltaf leiddi hún spurninguna hjá sér og lýsti yfir yfirnátúrulegum mannkostum Toms.

Með Katie í viðtalinu var kona sem sagðist vera „besta vinkona hennar“ en þær höfðu kynnst í gegnum Vísindakirkjuna nokkrum vikum fyrr. Konan hafði yfirumsjón með því hvaða spurningar voru leyfilegar og bætti stundum inn í „Já, Tom er góður maður“.

Undir lok viðtalsins barst Katie



TOMKAT Mikið hefur verið rætt og ritað um hið alræmda samband pársins sem áður fyrr voru mjög fámál um einkalíf sitt. Tom og Katie lýsa nú ástarlífi sínu mjög fjálglega í hverjum fjölmiðlinum á fætur öðrum og fara í sleik í hvert sinn sem þau sjá myndavél.

svo pakki frá Tom en innihald hans var demantshálsfesti frá Chanel. Þegar Katie sá hálsfestina spratt hún á fætur og hrópaði „Hann er minn maður! Hann er minn maður!“ áður en hún féll á knén og

kallaði „Ég get farið í splitt“, sem hún og gerði.

Blaðamaðurinn segist sjaldan hafa orðið vitni að öðru eins en viðtalið birtist ekki í heild sinni fyrr en í næsta mánuði. ■

VERÐLAUNAKROSSGATAN

NR. 16

	16	9	5	29		5	26	3	31	4	28	18	22	
12		6		14		29		2		2		21		8
18	1	3	13	1		10	14	29	6	10	6	26	31	3
11		26		31	32	31		29		6		31		30
6	20	20	6			18	17	6	23		20	3	21	16
16		2		18	1	6	3		28		30			
15	12	3	24	23			15		6	23	23	6	26	21
29		31		24	11	22	18	15	23	6		31		23
29	31	23	7	6	3		11		3	30	26	6		23
			25		21		31	11	6	3		4		6
19	9	30	3		23	30	3	6			16	15	3	23
2		18		18		11		29	6	27		29		16
1	6	17	17	1	29	13	7	7		6	29	7	31	3
6		6		22		1		6		3		31		14
	16	3	15	10	18	11	31	3		23	2	3	23	

Í sunnudagskrossgátu Fréttablaðsins eru gefnir 5 bókstafir sem á að færa inn í númeraða reiti. Í dag er E til dæmis í reit merktum 15 og fer þá E í alla aðra reiti með því númeri. Y er í reit númer 12 og fer í alla aðra reiti gátunnar númer 12 o.s.frv. Til þess að leysa gátuna þarf að finna út hvaða bókstafir eiga að standa í auðu reitunum (bókstafirnir c, z, q og w eru ekki notaðir). Þegar því verkefni er lokið er hægt að finna lausnarorð gátunnar, sem er í þetta sinn karlmannsnafn sett saman úr stöfum reita númer 19-2-3-29-14-1-31-3 (í þessari röð).*

Lausnarorð

19	2	3	29	14	1	31	3
----	---	---	----	----	---	----	---

Lausnarorðið er hægt að senda inn með SMS-skeyti í númerið 1900. Dæmi um það hvernig SMS gæti lítið út ef lausnarorðið væri Jón: þá sendir þú SMS sem segir: JA LAUSN JON í númerið 1900.

*Ráðning gátunnar birtist í blaðinu eftir tvær vikur.

Dregið verður næstkomandi fimmtudag kl. 12.
SMS-skeytið kostar 99 krónur.

Lausn nr. 14

D	O	K	A	B	A	R	A	T	T	A	N	J
H	F	L	A	O	Æ	F	J					
Ö	T	U	L	K	Ó	T	I	L	E	T	T	A
R	R	S	Ó	T	T	I	A	X				
K	O	M	A	A	M	A	R	P	R	Í	L	
U	E	G	Æ	L	A	Ý	Ö					
T	Ó	N	A	R	S	N	O	R	S	K	A	
Ó	N	Ó	S	A	T	T	A	R	T	U		
L	E	I	K	I	N	R	G	R	E	I	Ð	
Ý	Á	I	N	N	A	Y	M					
P	V	E	R	K	Ó	Ð	A	S	P	Ú	A	
É	R	F	L	R	U	M	U	G				
R	E	I	Ð	I	N	G	U	R	A	U	M	A
A	L	L	A	A	L	Ó	I					
S	L	É	T	T	R	A	R	L	O	T	A	



Leystu krossgátuna!

Þú gætir unnið Playstation tölvuleikinn Singstar Pop með hljóðnema.

Vinningshafi krossgátunnar í síðustu viku var:
Davíð Einarsson



Sólarupprás	Hádegi	Sólarlag
REYKJAVÍK 3.47	13.34	23.19
AKUREYRI 3.04	13.19	23.30

Heimild: Almanak Háskólans

FRÉTTABLAÐIÐ

Góðan dag!

Í dag er sunnudagur 17. júlí, 198. dagur ársins 2005.

STÖRF Í BOÐI

- Leikskólakennari
- Hjúkrunarfræðingar
- Sjúkraliðar
- Aðhlyning
- Matreiðslumenn
- Framkvæmdarstjóri
- Sölumaður
- Lagaerstarfsmaður
- Lyfjatæknir
- Tæknifræðingur
- Verkfræðingur
- Sérfræðingur
- Tækjamenn
- Innheimtufulltrúi
- Vörumerkjastjóri
- Sölufulltrúar
- Ræstingarstjóri
- Járnsmiður
- Trésmiður
- Markaðsfulltrúi
- Bókari

SMÁAUGLÝSINGAR

byrja í dag á bls. 13

Flokkar & fjöldi

Bílar & farartæki 68 stk.

Keypt & selt 12 stk.

Þjónusta 49 stk.

Heilsa 11 stk.

Skólar & námskeið 4 stk.

Heimilið 12 stk.

Tómstundir & ferðir 7 stk.

Húsnaði 10 stk.

Atvinna 15 stk.

Tilkynningar 7 stk.

atvinna .is

Sumarið er komið BLS. 2

Hvetja starfsmenn til að blogga BLS. 2

Hvað gera organistar? BLS. 6

Manngæska og innsæi BLS. 8

allt - atvinna

ER ÞÍN ATVINNUAUGLÝSING HÉR?

MEST LESNA ATVINNUBLAÐ LANDSINS



Tríóið Drýas hefur lokið vinnu hjá Hinu húsinu í sumar.

Lúxusdagur borgarbúa á enda

Ráðningasamingur unga fólksins sem hafa unnið við skapandi sumarstörf er runninn út. Þá eru á enda lúxusdagur Reykvíkinga sem það sem af er sumri hafa notið listar í boði Hins hússins.

Þorbjörg Daphne Hall er ein þeirra sem hafa haft skapandi sumarstarf í sumar sem einn þriðji af tríóiinu Drýas. „Skapandi sumarstörf gefa krökkum sem eru með hugmyndir um listatengt verkefni tækifæri til að koma sér á framfæri og ekki síður að vinna við það að vera listamaður sem er frábært tækifæri. Þetta er búið að vera fjölbreytt og mjög skemmtilegt.“

Tríóið Drýas er skipað þremur stelpum sem allar ljúka námi sínu við Listaháskóla Íslands næsta vor. Þorbjörg spilar á selló, Laufey Sigrún Haraldsdóttir á píanó og Herdís Anna Jónasdóttir sópran syngur með.

Á efnisskránni í sumar voru eingöngu íslensk verk, þjóðlög sem flutt verða í nýjum og

eldri útsetningum, íslensk sönglög og fleira.

Þorbjörg segir að nú taki við önnur verkefni hjá tríóiinu, í tónlistargeiranum en líka í öðrum hefðbundnari störfum og er þá átt við skrifstofuvinnu og annað sem venjan er að ungt fólk starfi við á sumrin. Sjálf fékk hún styrk frá Nýsköpunarsjóði námsmanna og er að fara að vinna tónlistartengd verkefni það sem eftir lifir sumars.

Aðspurð um hvort samstarfi Drýas sé lokið nú þegar þær eru ekki lengur í vinnu hjá Hinu húsinu segir Þorbjörg svo ekki vera. „Við erum að plana að taka upp verkin sem við erum búin að vera að æfa og ætlum að reyna að gera það í ágúst. Að því loknu höldum við kannski tónleika.“ Eftir það sé framhaldið óráðið þar sem Dísu er að fara í skiptinám á næsta ári og býst Þorbjörg við að þá slitni upp úr samstarfinu í bili.

Fríð hefst þó ekki strax og áhugasömum er bent á að sjá afrakstur starfsins á lokatónleikum Drýas þriðjudagskvöldið 19. júlí klukkan átta í Iðná þar sem aðgangur er ókeypis. ■

LIGGUR Í LOFTINU

í atvinnu

Efling stéttarfélag hefur hafið sölu á miðum í Hvalfjarðargöngin með afslætti. Miðarnir eru til sölu á skrifstofu Eflingar og kosta sex hundruð krónur stykkið sem er afsláttur upp á 40 prósent. Skrifstofan er opin frá 9 til 16 og á heimasíðu Eflingar eru félagar hvattir til að koma við á skrifstofunni til að ná sér í miða.

Kjaradeilu stéttarfélagi á almannatöku við Samtök fyrirtækja í heilbrigðisþjónustu hefur verið vísað til ríkissáttasemjara sem þegar hefur boðað deiluaðila á fund. Mjög hefur dregist að fá botn í deiluna

eftir því sem fram kemur á heimasíðu SFR. Búið er þó að fá botn í flest atriði nýs samnings en þó er enn eitthvað í land að náist að ljúka málinu.

Orlofsuppbót fyrir orlofsárið sem hefst fyrsta maí er 21.800 krónur samkvæmt vef Samtaka atvinnufluffsins. Þá er miðað við fullt starf fyrir flestar starfsgreinar nema verslunarmenn. Verslunarmenn fá 16.500 krónur en upphæðin er greidd út í upphafi orlofstöku en í síðustu lagi 15. ágúst. Þar með er leiðrétt villa sem kom fram í VR blaðinu þar sem orlofsuppbót verslunarmanna var sögð vera 45.000 krónur.

atvinna@frettabladid.is

Störf í boði...

- Fasteignasöllumenn
- Tækni- eða smiðsmenntaður sölumaður
- Ófaglærður vélstjórnandi
- Vélfræðingur/rafvélavirki/rafvirki/bifvélavirki
- Sölumaður með háskólapróf
- Ræstingarstjóri
- Starfsmenn í búslóðapökkun
- Járnsmiðir
- Trésmiðir
- Bifreiðasmiðir
- Starfsmaður í smíðavinnu
- Starfsmaður í framleiðslu
- Verkamenn
- Lagerstörf
- Hlutastörf

Áhugasamir eru beðnir um að fylla út umsóknir á www.radning.is og sækja þar sérstaklega um störfín.

www.radning.is



Háaleitisbraut 58-60 • Sími: 588 7700
www.radning.is • radning@radning.is

Framtíðarstörf á Egilsstöðum

Vegna aukinna umsvifa vantar starfsmenn í timbursölu og sölu- og afgreiðslumann í verslun Húsasmiðjunnar á Egilsstöðum.

Hæfniskröfur

- Rík þjónustulund
- Hæfni í mannlegum samskiptum.
- Búa yfir heiðarleika og samvirkusemi.
- Þekking á byggingavörum er kostur en ekki skilyrði.

Viðkomandi þarf að geta hafið störf sem fyrst.

Umsóknir berist fyrir 1. ágúst n.k. til Guðrúnar Kristinsdóttur starfsmannastjóra Húsasmiðjunnar, gudrunk@husa.is. Einnig er hægt að sækja um á heimasíðu Húsasmiðjunnar www.husa.is. Nánari upplýsingar fást hjá Þorsteini Óla Sveinssyni rekstrarstjóra í síma 660 3066 eða á netfangið thorsts@husa.is.

Húsasmiðjan hf. er stærsti söluðili byggingavara á Íslandi og eitt af 25 stærstu fyrirtækjum landsins. Húsasmiðjuverslanirnar eru áttán talsins um land allt. Í verslunum okkar höfum við á boðstólum yfir 80 þúsund vörutegundir.

Hjá Húsasmiðjunni hf. starfa að jafnaði um 700 manns. Við leggjum mikla áherslu á að starfsmenn eigi þess kost að eflast og þróast í starfi. Í því skyni rekur við Húsasmiðjuskólann þar sem starfsmenn geta valið úr yfir 100 námskeiðum á ári hverju. Einnig er starfandi hjá Húsasmiðjunni öflugt starfsmannafélag sem annast m.a. skemmtanahald, rekstur sumarhúsa og eflingu heilsuræktar starfsmanna.

Velkomin í hópinn!



HÚSASMIÐJAN
...ekkert máli



Okkur vantar kennara til starfa fyrir næsta skólaár.

Meðal kennslugreina eru:

Almenn kennsla, íþróttir, dans og sérkennsla.

Einnig vantar stærðfræðikennara á unglingsstigi.

Áhugasamir hafi samband við Jónínu Magnúsdóttur skólastjóra í síma 845-0467 eða netfangið skolastjori@sigloskoli.is. Upplýsingar um skólann okkar er að finna á www.sigloskoli.is og upplýsingar um bæinn á www.siglo.is.

Mannlíf og menning í bænum er góður leikskóli og tónlistarskóli, öflug heilsugæsla, íþróttahús, sundlaug og eitt af betri skiðasvæðum landsins. Á undanförmum árum hefur Síldarminjasafnið byggst upp og vakið verðskuldaða athygli og nú hillir undir að Þjóðlagasetur verði að veruleika. Þjóðlagahátíð er orðin árviss viðburður. Mannlífið er sérstakt í nyrsta kaupstað landsins og einkennist af öflugu félagslífi.

VELKOMIN TIL SIGLUFJARÐAR.

Sumarfrí

Mundu að útbúa svarpóst í pósthólinu þínu með upplýsingum um að þú sért í sumarfrí og hvenær þú komir til baka. Hafðu með upplýsingar um hver sinni þínum málum á meðan þú ert í burtu.



Mikilvægt er að klæða sig eftir starfi. Fréttablaðið/Getty

Undirbúðu þig vel

SEX ÁBENDINGAR FYRIR FÓLK SEM ER NÝKOMIÐ ÚT Á VINNUMARKAÐINN.

- Ákveðdu þig. Eftir fjögur, fimm eða jafnvel fleiri ár í háskóla þá ertu fullviss um hvað þú vilt vinna við. Er það ekki? Ef þú ert það ekki þá verður þú að finna út hverju þú ert best/ur í og hvaða starfsferill hentar þér. Elskarðu að vera í kringum fólk? Finnst þér kannski skemmtilegra að slá inn tölur eða búa til tölvuforrit? Skoðuðu styrkleika þína, veikleika, áhugamál og það sem þér líkar og líkar ekki við. Lestu um þau svið sem þér finnst áhugaverð og talaðu við aðra í sömu stöðu.
- Kannaðu málið. Það er nauðsynlegt að læra eins mikið og þú getur um fyrirtækin sem þú vilt vinna hjá. Hafðu opinn huga fyrir tækifærum sem fyrirtækin bjóða upp á og settu þig í samband við starfsmenn. Íhugaðu líka hvort fyrirtækið eigi mikla framtíðarmöguleika.

- Settu saman verkfærakassa. Verkfærin þín eru starfsferilsskrá, bréfséfnir og mappa með verkum þínum. Taktu þér tíma í að vinna þessa hluti því þeir eru mjög mikilvægir. Einblíndu á afrek þín og hvað þú hefur fengið í kjölfar þessara afreka. Notaðu aðgerðarorð í starfsferilsskránni eins og „hófi“, „framleiddi“ og „sá um“.

- Tengslanet. Eitt af mikilvægari verkum í vinnuleit er að umgangast fólk í geiranum sem þú vilt vinna í. Sendu tölvupóst til allra sem þú kannast við, fyrrverandi skólafélaga, kennara og jafnvel vana foreldra þinna og biðu þá um hjálp. Sendu starfsferilsskrána þína til aðila sem geta bætt hana.

- Vertu það sem þú vinnur við. Ef þig langar að fara út á vinnumarkaðinn þá verður þú að vera með allt á hreinu. Í viðskiptaheiminum verður þú að klæðast dragt eða jakkafötum og tryggja að tölvupóstfangið þitt og talhólfsskilaboð séu sæmandi. Ef tölvupóstfangið þitt er til dæmis klikkuðgella2005@hotmail.com þá ættir þú að breyta því í eitthvað sæmandi eins og annajons@hotmail.com. Vertu alltaf tilbúinn fyrir samtöl eða símavíðtal.

- Ekki gefast upp. Heimurinn getur verið erfiður og stundum eru atvinnuhorfur ekki eins og best verður á kosíð. Þú munt standa frammi fyrir höfnun en allir ganga í gegnum það. Stattu bara á þínu og ekki gefast upp!

Störf innan EES

VINNUMÁLASTOFNUN ER Í SAMSTARFI VIÐ RÁÐGAFA Á SVÆÐINU.

Fyrirferðamest er EES-Vinnumiðlun sem er samstarf um vinnumiðlun á evrópska efnahagssvæðinu og byggist upp á neti um 800 Eures-ráðgjafa um allt svæðið.

Þá hefur Vinnumálastofnun með höndum útgáfu vottorða til handa atvinnulausum sem fara til atvinnuleitar í EES-löndum og vottorð um starfsreynslu til handa þeim sem fara til atvinnuleitar í EES-löndum. EES-Vinnumiðlun tekur þátt í samstarfi ESB tengdra skrifstofa á Íslandi, þar er til dæmis Leonardo-verkefnið, þar sem meðal annars er hægt að sækja um styrki til starfskynningar og – menntunar.

Vinnumálastofnun tekur líka þátt í norrænu vinnumálasamstarfi, en hluti af því er ungmennaskiptaverkefnið Nordjobb, sem stýrt er af Norræna félaginu.



Mario, Garðar, Guðbjartur og Sturla þökuleggja við Miklubrautina.

Sumir á, sumir á, sumir á hjólum

Út um glugga Fréttablaðsins blasa framkvæmdir við augum. Þar er verktakafyrirtækið Heimir og Þorgeir að breikka Miklubrautina og lengra í austur að betrubæta gatnamót Miklubrautar og Kringlumýrarbrautar.

Þarftu aðstoð við tölvuna? Kem á staðinn og geri við. Viðurkenndur af Microsoft. 10 ára reynsla. S. 616 9153 (Fríðrik). Milli kl 8-23 alla daga.

Nokkrar tölvur, skjáir og prentarar á góðu verði. Sjá http://tolvur.vortex.is S. 525 4994 / 893 4595.

Dulspeki-heilun

Laufey spámiðill verður í Reykjavík 18-19 júlí. Tímapanantír síma 821 8632

Spádómar

Dulspekisíminn 908 6414. Símaspáin draumaráðn. Spák. Yrsa í beinu sambandi. Hringdu núna!

Örlogalínan

908 1800 & 595 2001
Miðlar, spámiðlar, tarotlestur, draumráðningar. Fáðu svör við spurningum þínum.

Trésmíði

Getum bætt við okkur sólpöllum, skjólveggjum og allri almenntri gipsvinnu. Uppl. í s. 867 0791 & 865 1863.

HEILSA

Heilsuvörur

15 kíló farin með Shape-works. Borðid og grennist! Edda S. S. 861 7513 & 820 7547.

Frábær líðan. Alveg síðan, Herbalife www.eco.is Erla Bjartmarz erla@eco.is 899 4183.

SAMLESNAR AUGLÝSINGAR

90,9 FRÉTTABLAÐIÐ *Lett 96.7* vísir

Velkomin á harmonikkuhátíð í dag.
Árbæjarsafn.

Komið og skoðið Blind pavilion, verk Ólafs Elíassonar í Víðey.

Ömmukleinar, Gevalia kaffi.
Atlantsólía, Sprengisandi.

Nýr matseðill, Kaffi Nauthóll.

Ertu á leiðinni í Smáralind? Fyrstu 20 viðskiptavinirnir sem mæta í veröldina okkar fá gefins miða í tívolið.
Smáralind, betri leið til að versla.

Félag eldri borgara í Reykjavík á nokkur sæti laus í eftirfarandi ferðir: Veidivötn 27.júlí. Kaldidalur 30. júlí. Mýrar, Hítardalur 20. ágúst. Gæsavatnaleið, Askja, Kverkfjöll 9. til 13. ágúst. Gist í svefnpoka í fjallaskálum í 3 nætur og á hóteli í 1 nótt. Eldgjá Lakagíga Ingólfshöfða 14. – 16. ágúst. Athugið! Lækkað verð á dagsferðum.
Upplýsingar í síma 588-2111

Hafðu það gott. Hafðu það Létt og Laggott.
Osta og smjörösalan

Allar garðplöntur á útsölu.
Blómaval.

Félag eldri borgara í Reykjavík hefur flutt skrifstofu og félagsheimilið Ásgarð í Stangarhyl 4.
Félag eldri borgara

Nýtt kortatímabil.
IKEA

Skessubrunnur opið.
Skessubrunnur.is

Kaffihlaðborð á sunnudögum.
Hótel Borg.

Allt að 60% afsláttur af öllum garðplöntum.
Blómaval.

Útsalan er í gangi. Opið til sex.
IKEA

Kakíbuxur 2 fyrir 1, aldrei meira úrval.
Herrafataverslun Birgis

Fáðu þér eitthvað gott á brauðið. Fáðu þér Létt og Laggott.
Osta og smjörösalan

Útsala, útsala.
Gallabuxnabúðin Kringslótt.


Ertu á leið í bæinn, komdu við á Pizza Hut.
Pizza Hut

Létt og Laggott á brauðið.
Osta og smjörösalan

Sjávarréttir við höfnina.
Sægreifinn

Eitt símtal - meiri útbreiðsla - lægra verð

Hringu í síma 550 5000 og fáðu auglýsinguna þína lesna samdægurs á Bylgjunni, Létt og Talstöðinni og birta í smáauglýsingum í Fréttablaðinu og á vísir.is Mun fleiri en áður lesa og heyra auglýsinguna þína á einfaldan og ódýran hátt.



Fæðubótarefni

Viltu léttast? Eða þyngjast? Þú getur það með Herbalife! Hafðu samband. Ólóf. S. 861 5356, olsiar@hotmail.com

Herbalife á toppnum í 25 ár! Shapeworks-Nouri Fusion www.arangur.is s. 586 8786.

SKÓLAR & NÁMSKEIÐ

Námskeið

www.heimanam.is Námskeið í allt sumar Heimanám. Tölvufæðslan sími 562 6212. Við kennum allt árið.

Skartgripagerð

Námskeið í skartgripagerð. Smíðum úr silfri og skyldum málum. Vinnum með íslenska steina. Tek einnig að mér að bora í steina. Uppl. og skráning í s. 823 1479.

HEIMILIÐ

Húsgögn



Sófalist

Fallegar yfirbreiðslur fyrir sófa, stóla og borðstofustóla. Eigum mikið af sýningaráklæðum með 40% afslætti. Opnunartími mán. - mið. 12.00 - 15.00, fim. 15.00 - 18.30 og lau. 11.00 - 15.00 Sófalist, Síðumúla 20 (2 hæð), www.sofalist.is Sími 553 0444.

Til sölu vel með farinn 3ja sæta Lazyboy sófi. Tilboð 45 þús. Uppl. í s. 867 9862 & 697 7967.

Til sölu vegna flutninga. Eldhúsbord og stólar (nýlegt), einbreitt rúm 90 cm (nýlegt), sófar, borðstofubord og fl. Selst ódyrt. Sími 898 5226.

Heimilistæki

Hvít Elram eldavel til sölu. 10.000.- Einnig fjórir IKEA efri eldhússkáp-ar, 10.000.- Uppl. í síma 8658818

Barnavörur

Vandaður og vel með farinn SIMO kerruvagn frá 2003 fæst á 35þ (hálfvirði). Berglind S.6950580

Barnagæsla

Barnapössun óskast á 104 svæðinu í RVK. í 3 vikur í ágúst frá kl. 08.00-16.00. S. 690 0098 eða 588 1944.

Dýrahald

Hundabúr-Hvolpagrindur
Full búð af nýjum vörum. 30% afsl. af öllu. Opíð mán. til föst. 10 til 18, laugard. 10 til 16, sunnd. 12 til 16. Tokyo Hjallhrauni 4. Hfj. S. 565 8444.

Labrador hvolpar til sölu, hreindræktaðir og óættbókarfærðir. Sprautaðir og tilb. til afhendingar. Upp. í s: 487 8138 & 694 8861.

Gullfallegir íslenskir hvolpar til sölu. HRFÍ ættb. Frábærir heimilis hundar. S. 897 7660.

Til sölu lítill Poodle strákur. Uppl. í s. 691 6961.



Persneskir kettlingar til sölu.

Ættbókarfærðir og heilsufarsk. Uppl. í s. 586 1486 & 868 7150.

TÓMSTUNDIR & FERÐIR

Ferðapjónusta



Fjölskylduparadís

Stór og góð aðstaða fyrir fjööld, fellihýsi, húsbíla og hjólhýsi. Sundlaug, veiði, strandblak og fótþolti. Gisting og veitingar. FRITT í sund fyrir dvalargesti. Hótel Eldborg, Snæfellsnesi www.hoteleldborg.is & s. 435 6602.

Fyrir veiðimenn

Lundaháfar.
360 sm tvískipt skaft kr. 21.810.-
Spækur - kross - net kr. 12.800.-
Tilboð 27.600.-
Sportvörugerdin
Skipholti 5 s. 562 8383.
www.sportvorergerdin.is



Tóti Tönn og Ingó Ásgeirs fengu 42 laxa á þessa túpu. fæst á www.frances.is



Eigum laust frá 27-30 júlí og eftir miðjan sept. Uppl. í síma. S. 898 3440 & 824 5406.

TIL SÖLU

Útsala
15-30 prósent afsláttur af öllum vörum
Mikið úrval af niðsterkum garðhúsgögnum sem eiga að standa úti allt árið.
Viðarkó, Dalvegi 28. www.vidarko.is Sími 517-8509
Stærstir á Íslandi í garðhúsgögnum.

Veiðiportíð

Polaroid gleraugu á aðeins 1.590 kr.
Veiðiportíð
Grandagarói 3.
Sími: 552-9940

Ódyrir og stórir maðkar til sölu! Silung og laxa. Margra ára reynsla. Geymið auglýsinguna. S. 692 5133.

Ýmislegt

Draugasetrið
Kaffiveltingar í hlöðarsal
Sumaropnun: Alla daga 14-21
Pakkatilboð fyrir hópa
draugasetrið@draugasetrið.is
draugasetrið.is

Shoppa, Skilla og svalakarlar í Teltgarðinum Stokkseyri
Bryggjuhluti 78-79
www.stokkseyri.is
toban@stokkseyri.is s. 483-3808

HÚSNÆÐI

Húsnæði í boði

110 fm+ íbúð í Mosfellsbæ til leigu. Langtímaleiga. Verð 80 þús. Sími 588 9909.

3ja-4ra h. íbúð til leigu í skemmi tíma á sv. 270. Verð 50 þús. Uppl. í s. 699 4389.

2ja herb íbúð til leigu í Hafnarfirði fyrir reyklausan einstakling. 55 þús, m/H og R. Uppl. í s: 8971753

Glæsileg 102 fm 3ja hrb. íbúð með öllum húsgögnum til leigu. Er laus og legist frá 15/08/05 til 15/06/06. Íbúðin er á tveimur hæðum, frábært útsýni og er á svæði 101. Uppl. í s. 551 0893.

Til leigu gott raðhús í Mos. 84 fm. 90 þús. 2 mán. fyrirfram, tryggingavíxill. Uppl. í s. 554 2542.

Húsnæði óskast

Hjón á miðjum aldri óska eftir 3ja herbergja íbúð til leigu í Reykjavík. Reyklaus, skilvísar greiðslur. Uppl. gefur Kristín í síma 896 7391.

Íbúð óskast til leigu í Setbergshverfinu í Hafnarfirði (221) sem fyrst. Upplýsingar veitir Sigrún s. 8691454.

Ungt reglusamt par óskar eftir íbúð sem fyrst, jarðhæð/kjallara. Greiðslugeta 60-70 þús. Meðmæli. Uppl. í s. 891 8979.

Húsnæði til sölu

Lítið einbýli á Akranesi. 90 fm á góðum stað miðsvæðis. Auðveld kaup, laus strax. Uppl. í síma 846 2792.

Sumarbústaðir



Við framleiðum okkar eigin sérhannaða varmaskiptagryndur fyrir íslenskar aðstaður fyrir miðstöðvarkerfið í íbúðar og sumarhús. Vinsamlegast leitið upplýsinga hjá Multi Kerfi ehf, Verbraut 3, 240 Grindavík, S:426 8010 GSM: 897 8070, 895 2446, Netfang: info@multi-kerfi.com, www.multikerfi.com



Til sölu 73m² sumarbústaður +40m² svefnloft. Mjög vandaður og vel eingraður. egsvverk@isl.is s. 8975802,6638093

Óskum eftir sumarbústað/lóð. Allt að 150 km. frá Rvk. Verðbil 0-1 milljón. Uppl. í s. 659 5367 & 697 8694.

Atvinnuhúsnæði

Til leigu nýtt iðnaðarhúsnæði um 700fm með 5,7 m lofthæð. Tvær stórar innkeyrsludyr, góðir gluggar og malbik að bílapan. Áhugasamir hafi samb. í síma 894-8565, Lárus

ATVINNA

Atvinna í boði



Domino's Pizza óskar eftir starfsfólki í hlutastarf og í fullt starf. Umsækjendur þurfa að vera 17 ára eða eldri. Frábær starfsandi og skemmtilegur vinnustaður fyrir hressa og duglega einstaklinga!

TIL LEIGU

Allir á Jetski
Tökum vel á móti einstaklingum og hópum
Tilvalið fyrir gæssa- og steggjastótti
Sæpotuleigan
Sími: 897 2920
www.aburkarverkamidjuna.is/Gofunna

Verkamenn
Fyrirtæki á höfuðborgarsvæðinu, með innflutning á byggingavörum, óskar eftir að ráða ábyrga og þjónustulundaða starfsmenn með lyftararéttindi til lager- og viðhaldsstarfa. Störfin fela í sér móttöku / afgreiðslu á pöntunum, viðhaldi á áhöldum og öðru tilfallandi. Vinnutími er frá kl. 8:00-17:00 alla virka daga. Um framtíðarstörf er að ræða.
Nánari upplýsingar fást hjá Ragnari eða Skúla í síma 577 2050 eða á skrifstofu Formaco ehf. að Fossaleyni 8, Reykjavík.

Fullt starf og hlutastarf
10-11 óskar eftir duglegu starfsfólki í verslanir sínar á höfuðborgarsvæðinu. Um almenn verslunarstörf er að ræða. Umsækjendur verða að vera fæddir '87 eða fyrr. Umsækjendur verða að vera þjónustulundaðir, vinnusamir og áreiðanlegir. Bæði er leitast eftir starfsfólki í fullt starf en einnig hlutastarf. Nú er rétti tíminn að tryggja sér vinnu með skóla í vetur.
Umsóknum skal skila á vefnum www.10-11.is.

Select og Shell
Starfsfólk óskast á stöðvagnar okkar á höfuðborgarsvæðinu. Um fullt starf er að ræða sem og hlutastörf. Umsækjendur verða að vera fæddir '87 eða fyrr og vera þjónustulundaðir, vinnusamir og áreiðanlegir. Unnið er á vöktum. Nú er rétti tíminn til að tryggja sér vinnu með skóla eða aðra aukavinnu fyrir veturinn.
Umsóknum skal skila á vefnum www.10-11.is.

Afleysingavinna við ræstingar
Óskum að ráða starfsmenn til sumarafleysinga við ræstingar á morgnana og síðdegis á fjölbreyttum vinnustöðum á stór Reykjavíkursvæðinu
Upplýsingar í síma 554 6088 Umsóknareyðublið á skrifstofu Hreint ehf. Auðbrekku 8 Kópavogi og á heimasiðu Hreint ehf. www.hreint.is.

Bifreiðastjórar ath..
Okkur hjá Icelandexcursions Allrahanda ehf, óskum eftir að ráða bifreiðastjóra með rútpróf vantar til aksturs strætisvagna í framtíðarstarf, einnig vantar rútbílstjóra til sumarafleysinga, mikil vinna.
Upplýsingar gefur Rúnar s. 540 1313 & 660 1303.

Störf í boði
Höfum í boði störf við ræstingar á öllum tímum sólarhringsins. Einnig heilgarvinna í boði.
Upplýsingar á www.iss.is eða í síma 5 800 600.
ISS ISLANDI

Matráður
Laus er til umsóknar staða matráðar í leikskólanum Vínaminni Asparfelli 10.
Staðan er laus frá 22. ágúst 2005, um er að ræða 100% starf. Í leikskólanum eru 47 börn og 10 starfsmenn.
Þeir sem hafa áhuga á að sækja um eða kynna sér starfið nánar vinsamlegast hafið samband við Sólveigu Einarsdóttur leikskólustjóra í síma 587 0977 eða 861 8055.

Borgarnes - Hveragerði
Starfsfólk óskast 18 ára og eldri. Góð laun í boði fyrir rétta aðila. Umsóknir sendist á netfangið is-mynd@simnet.is eða á stöðunum.
Ís-mynd Hveragerði og Ís-mynd Borgarnesi.

Líftækni lyfjafyrirtæki leitast að starfsmönnum til hráefnisöflunar í ágúst og september. Hafið samband við Hólmsfríði í s. 581 4138.

Þjónustuver Domino's Pizza óskar eftir starfsfólki, 18 ára og eldra, í hlutastarf. (www.dominos.is).

Rizzo Pizzeria. Okkur vantar fólk til starfa strax. Uppl. á staðnum Hraunbæ 121.

Óskum eftir starfskrafti nú þegar, til að sjá um matseld og daglega ræstingu, á heimili fyrir langveik börn í Kópavogi. 60% starf, unnið aðra hverja viku. Uppl. í síma 699 8403 Ómar. Bónbræður ehf.

Hársnyrtisveinn óskast
Óska eftir hársnyrtisvein og 3ja-4. árs nema Upplýsingar í síma 567 2044 & 848 9816.

Segafredo Espresso Lækjartorgi
óskar eftir að ráða starfsmann í sumarafleysing, einnig óskum við eftir manneskju í helgarvinnu. Reynsla skilyrði. Uppl. í síma 899 9795 Óliver.

Just-Eat.is óskar eftir bílstjórum á eigin bíl í útteknu á kvöldin. Upplýsingar í síma 820 6991.

Óska eftir vönum grófumanni strax. Næg vinna í boði. Meirapróf æskilegt. Uppl. í síma 863 0085.

Óskum eftir að ráða röskt starfsfólk með rika þjónustulund til eftirfarandi starfa: 1. Deildarstjóra f. mjólkur & ostadeild okkar, afgreiðslu öfl. 2. Deildarstjóra f.gænnm.& ávaxtadeild okkar, afgreiðslu öfl. 3. Afgreiðslustörf og áfyllingar. Upplýsingar gefur verslunarstjóri í s. 551 0224 og í versluninni milli kl. 9-20 Melabúðin, Hagamel 39, melabudin@thinverslun.is.

Stýrimann vantar á 140 tonna dragnót-arbát. Upplýsingar í síma 894 3026, 854 3026 & 894 1638.

Vanur grófumaður óskast í vinnu strax í gamalgrónu og trausta verktakafyrirtæki, reglulegur vinnutími. Upplýsingar gefur Pétur í síma 699 3090.

TILKYNNINGAR

Einkamál

XXX DVD

BESTA VERÐIÐ
DVD frá kr. 1990 nýjar myndir frá USA 2950, allar VHS á 1498.
grensasvideo.is
Grensasvegi 24 s. 568 6635
Opíð 15.00 - 23.30

AUGLÝSINGASÍMI

550 5000

FRÉTTABLAÐIÐ

FRÉTTABLAÐ/GETTY



RICKY GERVAIS Er að gera nýja sjónvarpsþætti með mörgum frægum aukaleikurum. Meðal þeirra sem koma fram þar eru Ben Stiller og Kate Winslet

Ricky á RÚV

Nýi þátturinn hans Ricky Gervais, Extras, fer í loftið þann 21. júlí í Bretlandi og er spennan í kringum hann þegar orðin rafmögnuð. Gríðalegar kröfur eru gerðar til Gervais eftir að þáttur hans, The Office, sló öll met og gerði leikarann að stórstjörnu.

Stephen Merchant, sem leikstýrði og samdi The Office með Gervais, verður með honum í þáttunum en þeir leika tvo aukaleikara sem reyna að troða sér inn í Hollywood-myndir með stórstjörnum. Enginn skortur verður á frægum gestaleikurum, því meðal þeirra sem koma fram eru Samuel L. Jackson, Ben Stiller og Kate Winslet sem viðurkennir fyrir Ricky að hún hafi bara tekið að sér hlutverk í helfararmynd til þess að geta átt möguleika í

Óskarinn. Þættirnir munu koma til Íslands áður en langt um líður og verða sýndir í Ríkissjónvarpinu.

Gervais eru annars daglega boðin gull og grænir skógar frá kvikmyndaborginni Hollywood fyrir að taka að sér hlutverk í hinum og þessum myndum. Hann segist ekki þora því vegna ótta um að verða aðhláturfefni. Þá hefur contactmusic.com eftir breska grínaranum að sum þeirra hlutverka sem honum hafi verið boðin hafi verið algjör brandari.

„Mér var boðið að endurgera Magnum P.I. með George Clooney þar sem ég átti að leika þjóninn hans. Ég fékk einu sinni hlutverk inn á borð til mín þar sem ég átti að leika bróður Will Smith. Þá var mér öllum lokið,“ sagði hann. ■

París ekki nakin aftur

Puntudúkkann París Hilton ætlar aldeilis að læra af mistökum sínum. Hún hefur nú sagt frá því að eftir hneykslið með kynlífsmyndband sitt sem komst á alnetið hafi hún strengt tvö heit. Annars vegar lofaði hún sjálfri sér að hún skyldi aldrei koma aftur nakin fram og hins vegar að hún skyldi aldrei vera aftur í slagtogi við slæma stráka.

„Einu sinni var ég alltaf með einhverjum töffurum en núna er ég með besta manni í heimi,“ segir París og á við unnusta sinn París Latsis.

„Þegar ég lék í House Of Wax vildu þeir að ég afklæddist en ég þverneitaði.“

París segist aldrei hafa getað horft á kynlífsmyndbandið alræmda sem hún tók upp með fyrrverandi kærasta sínum Rick Salomon. „Ég gæti ekki afborið að sjá það.“

Rick er sakaður um að vera sökudólgurinn sem lak myndbandinu á netið og París hefur ekki mikið álit á honum. „Hann er algjört svín og mér finnst hann ógeðslegur. Hann er bara lítill minnipokamaður.“ ■



PARÍS HILTON Er trúlofuð gríska erfingj-anum París Latsis og stefna þau að því að giftast í vetur.

Síðustu sætin í sólina

Haustsólín

Lengdu sumarið - Njóttu sólar í haust!

<p>Portúgal 15., 22. og 29. ágúst 5., 12., 19. og 26. sept.</p> <p>Verð frá: 39.900 kr.*</p> <p>á mann m.v. 2 fullorðna og 2 börn 2ja-11 ára í íbúð m/2 svefnh. á Club Albufeira, 22. ágúst í 7 nætur</p>	<p>Mallorca 17., 24. og 31. ágúst 7. og 14. sept.</p> <p>Verð frá: 48.400 kr.*</p> <p>á mann m.v. 2 fullorðna og 1 barn 2ja-11 ára í íbúð m/1 svefnh. á Club Royal Beach, 24. ágúst í 7 nætur</p>
<p>Krít 8., 15., 22. og 29. ágúst 5., 12., 19. og 26. sept.</p> <p>Verð frá: 68.590 kr.*</p> <p>á mann m.v. 2 fullorðna í Stúdíói á Helios í 7 nætur 22. ágúst</p>	<p>Costa del Sol 11., 18. og 25. ágúst 1., 8., 15. og 22. sept.</p> <p>Verð frá: 58.400 kr.*</p> <p>á mann m.v. 2 fullorðna og 1 barn 2ja-11 ára í íbúð m/1 svefnh. á Aquamarina, 25. ágúst í 7 nætur</p>

Finndu verð á þinni ferð á www.urvalutsyn.is

*Innifalið: Flug, flugvallarskattar, gisting, ferðir til og frá flugvelli erlendis og íslensk fararstjórn.

Fáðu ferðatilhögun, nánari upplýsingar um gistingu og reiknaðu út ferðakostnaðinn á netinu!

www.urvalutsyn.is

395!

Kyntröllið frá Mexíkó
Gael djammar á Íslandi

Með stjörnum í demantaveislu!

Gull og gersemar!

HÉR & NÚ

Brynja alsæl

Veiðir með vinkonum!

Þingmaður á lausu!

ILMUR

Eldheit & eggjandi!

HÆTT SAMAN

Tinna trúlofuð

Kynntust hjá Love-guru

KEMUR ÚT ALLA FIMMTUDAGA!

HÉR & NÚ



FRANZ FERDINAND Skoska hljómsveitin Franz Ferdinand hefur verið undir áhrifum frá Bob Dylan að undanförmu.

Áhrif frá Dylan

Skoska hljómsveitin Franz Ferdinand sem heldur tónleika hér á landi 2. september hefur verið undir áhrifum frá Bob Dylan við upptökur á væntanlegri plötu sinni. Söngvarinn Alex Kapranos segist hafa lesið ævisöguna *Chronicles*, þar sem Dylan lýsir því þegar hann samdi lög sem voru byggð á fólki sem hann hafði lesið um í dagblöðum.

Upptökur á plötunni hafa staðið yfir í Skotlandi undanfarið. „Þegar ég fór aftur til Glasgow var eins og ég hafði ekkert verið í burtu,“ sagði Alex. „Ég fór í sömu partíin með nánast sama fólkinu og áður en við fórum í tónleikaferð. Fólk talaði líka við mig alveg eins og áður. Það er því ekki eins og við höfum skipt út gamla lífsstílnum fyrir eitthvert glamúrliferni.“ ■

Kvenleg fegurð og matrósaföt

Elín Edda Árnadóttir búningahönnuður sér um búningana í söngleiknum *Annie* sem verður frumsýndur í dag.

„Í sýningunni er mikil stétta-skipting milli hinna ríku og fátæku og það þurfti að gera skýran greinarmun á þeim. Sýningin gerist á kreppuárunum, frá 1932, og við fylgjum tísku og tíðaranda þess tíma. Innblásturinn sótti ég mér í gamlar kvikmyndir, kvikmyndastjörnur og bækur því það var gríðarlega mikið lagt í hönnun á þessum tíma þó það væri kreppa. Fólk vildi sjá eitthvað fallett á þessum niúrdrepani tímum,“ segir Elín. „Það er svolítið sérstakt að herratiskan hefur mjög lítið breyst frá þessum tíma því það er ennþá þessi svarthvíti undirtónn. Kventískan hefur hins vegar breyst töluvert því hún var á þessum tíma afar kvenleg og fötin voru látin undirstrika kvenlega fegurð, með skinnum, höttum og öðrum fylgihlutum. Dragtirnar voru aðsníðnar og pilsin þröng.“

Elín Edda notar mikið af kjólum í sýningunni og hefur meðal annars fengið lánaða búninga úr búningasafni Þjóðleikhússins. „Það verður auðvitað að sníða stakk eftir vexti og reyna að nýta það sem til er. Ég hef meira að segja farið í tiskubúðirnar í Reykjavík, til dæmis Zöru, og það er ótrúlegt hvað hægt er að finna þar, því það er í mörgum tilvikum ódýrara en að láta sérsauma. Það sem þarf einnig að leggja sérstaka áherslu á í svona söngleikjum eru dansskórnir og í þeim felst mikill kostnaður.“

Í sýningunni leika mjög mörg börn og þeim fylgja gríðarlega margir búningar. „Barnatiskan var ofsalega falleg á þessum tíma og stúlkunum finnst alveg ævin-

týrlegt að vera í þessum kjólum með borðum og slaufum því þær ganga flestar í gallabuxum alla daga. Stundum líta þær hreinlega út eins og dúkkur. Svo fer ég svolítið inn á matrósatískuna sem var áberandi á þessum tíma,“ segir hún.

Starf búningahönnuðar felst fyrst og fremst í því að skila karakterunum á sviði í búningum sem undirstrika persónuleika þeirra. Hver sögupersóna getur verið margþætt og því flókið að ramma hana inn í einn búning.

„Búningahönnuðurinn er að segja söguna á sjónrænan hátt og hann þarf að smíða heildarútlit sýningarinnar. Svo þarf hver sena að hafa sitt þema.“


Elín Edda segir það einnig geta verið höfuðverk að finna litaskala sem passi við leikmyndina. „Vinna búningahönnuðar við svona sýningu tekur þrjá til fjóra mánuði frá byrjun til enda. Ég hef nokkuð frjálsar hendur en þetta er allt samvinna. Í tilvikum þessarar sýningar ríkir mikið traust á milli allra í hópnum. Auðvitað tek ég samt við öllum athugasemdum og reyni að vinna eftir þeim.“

Búningahönnuður þarf að hafa ímyndunaraflíð í lagi því oft felst starf þeirra í því að búa til óraunverulega draumaheima. „Við sköpum söguvið sem ekki er til, eins og til dæmis í *Bróður mínum Ljónshjarta*. Þar þurfti ég að gera mennska hesta og setja söðul á leikara og kenna honum að ganga. Það getur stundum orðið ansi spaugilegt. Það er þó ekkert endilega auðveldara að fást við nútímabúninga því þá er hætt við því að útlitlið verði bara beint úr búðinni,“ segir hún. „Það sem er þó hvað mikilvægast eru öll smáatriðin því þau reka smíðshöggjö



ELÍN EDDA OG BRYNDÍS PETRA BRAGADÓTTIR Elín Edda hefur hannað búninga fyrir fjölmarga söngleiki, þar á meðal *Grease*, *Kabarett*, *Galdrakarlinn í Oz*, *Syngjandi* í rigningunni og *Chicago*.
á karakterinn í búningnum. Þetta eru litlir hlutir sem kannski enginn tekur beinlínis eftir, eins og skartið eða hvernig slæðan er bundin, en skipta engu að síður mjög miklu máli.“ ■

OPIÐ UM HELGINA



Gestamóttaka á Nesjavöllum og Hellisheiði

Orkuveitan starfrækir gestamóttöku á Nesjavöllum (Nesjavallavirkjun) og í Skíðaskálanum í Hveradöllum (fyrirhuguð Hellisheiðavirkjun).

Gestamóttaka er opin á báðum stöðum

mánudaga-laugardaga kl. 9-17 og sunnudaga kl. 13-18.

Allar nánari upplýsingar

í síma **516 6000** og á **www.or.is**

Aðgangur er ókeypis.



www.or.is

Orkuveita Reykjavíkur

Tapað apaspil

[TÓNLIST]

UMFJÖLLUN

Nýja Black Eyed Peas platan byrjar á því að hópurinn rappar ofan í Misirlou (sem flestir þekkja sem opunarlagið í *Pulp Fiction*) eftir surfgítarsnillinginn Dick Dale. Það er ekki hægt að segja að þau styðjist við hljóðbútt úr laginu, því lagið hljómar frá byrjun til enda undir ruglinu í þeim. Eins og þau hefðu farið á karaoke-bar og sungið einhverja vitleysu ofan á þetta snilldarlag. Gjörsamlega ófyrirgefandlegt!

Það er heldur ekki hægt að fyrirgefa þeim þá smekkleysu að styðjast við hljóðbútt úr laginu *Englishman In New York*. Það eru svo margir hip-hopparar búnir að leika þann leik að styðjast við *Sting-lög* að Sameinuðu þjóðirnar ættu að vera búnar að binda það í lög að banna öll slík athæfi. Það hjálpar ekki til að Sting sjálfur mætir og syngur nýjan texta við lagið sitt.

Öllu undarlegra er svo lagið sem þau taka með Justin Timberlake. Einfaldlega út af því að það er nær ómögulegt að greina söngvarann fyrir öllu röflinu í liðsmönnum sveitarinnar. Það eina sem tekst á plötunni er tilraun þeirra til þess að gera gott fönk-lag með meistara James Brown. Hann er þó orðinn svo ryðgaður kallinn að hann hljóm-



BLACK EYED PEAS: MONKEY BUSINESS

NIDURSTAÐA: Fylgífiskur Elephunk er öfgafull tilraun til þess að gera metsölplötu. Hér er verið að reyna of mikið til þess að heilla og fyrir vikið verður heildin hálf aum. Lítið um góða spretti, hrein og klár vonbrigði.

ar nánast ekki eins og hann sjálfur.

Þessi plata er augljóslega búin til með það í huga að hún eigi að seljast í skipsförmum, og það getur vel verið að hún geri það. En hún verður líka ein af þessum plötum sem hægt verður að kaupa á 399 kr. á næstu Hagkaupsútsölu. Ég spái því meira að segja að krakkarnir eigi eftir að fá leið á þessari sveit fljótlega. Ég átta mig ekki alveg á því hvað kom fyrir þessa sveit, en það er eins og hún hafi verið að reyna búa til tryggigúmmi í staðinn fyrir tónlist.

Birgir Örn Steinarrson



**+
FLOTTUSTU
HÓTELIN
Í REYKJAVÍK**

LÚXUSNAETUR

**Í RÚMINU MEÐ ÞÓRU TÓMAS | METRÓMAÐURINN STAL
HOMMAMENNINGUNNI | TRÚFÉLÖG Á ÍSLANDI - HVER BYÐUR BEST?
FILM NOIR | SARA MARÍA EYÞÓRSDÓTTIR OG NAKTI APINN
JETTE Í TRILOGIU | ERLING KLINGENBERG + SIRKUSMIÐINN**

**KEMUR ÚT ALLA FÖSTUDAGA
VERÐ KR. 300
FÆST Á ÖLLUM HELSTU
BLAÐSÖLUSTÖÐUM LANDSINS**

SIRKUS[®]

NÝTT TÍMARIT. NÝR TÓN.



Serbar í Snæfellsliðið

... Snæfellingar í Stykkishólmi hafa fengið mikinn liðsstyrk fyrir átökin í úrvalsdeildinni á næsta ári, því þeir hafa nú gengið frá samningi við tvo serbneska leikmenn. Þetta eru Igor Beljanski, sem er 2ja metra hárfærherji sem leikið hefur í frönsku þriðju deildinni og Slobodan Subasic, sem er 195 cm hárfærherji.

sport
sport@frettabladid.is



60 MEÐ ATLA EÐVALDSSYNI

Atli Eðvaldsson er...Þjálfari Próttarar.

Kaffi eða te? Kaffi.
Köttarar eru... Flottastir.
Landsbankadeildin er... Flottust.
Hverjir verða meistarar? FH.
Hverjir falla? Ekki Próttur.
Endurkoman er... Æðisleg.
KR, Valur eða Próttur? Búinn að vera hjá þeim öllum.
Myndirðu taka við íslenska landsliðinu? Búinn að því.
Hvern myndir þú vilja fá í Prótt? Tryggva Guðmunds.
Frakkinn hans Jose Mourinho er... Miklu yngri en minn.

Af hverju jakkaföt og frakkí? Virðing við fótboltann.

Fyrirmynd? Blanda af nokkrum.
Sannir karlmenn... Klæðast jakkafötum við þjálfun.
Besta lið í heimi? Manchester City.
Erfiðasti andstæðingur? Karl Heinz Förster.
Auðveldasti andstæðingur? Má ekki segja, vill ekki gera honum það. (Fór samt strax að hlæja og var greinilega með einn ákveðinn í huga)
Próttur endar í... Einu af átta efstu sætum.

> Vissir þú að ...

FH-ingar slógu Skagamenn út úr bikarum í fyrsta sinn í 25 ár eða síðan að FH vann 3-1 sigur á ÍA í 16 liða úrslitum 1980. Síðan þá hafði ÍA unnið þrjá bikarleiki liðanna í röð, þar á meðal bikarúrslitaleikinn 2003.



> Við vorkennum ...

... Skagamönnum og þá sérstaklega Bjarka Guðmundssyni markverði liðsins að þurfa að ganga af velli með fimm mörk á bakinu eftir bikarleikinn gegn FH í gær. Skagaliðið spilaði mjög vel í venjulegum leiktíma og hafði möguleika á að slá Íslandsmeistarana út en þegar komið var í framlenginguna hrundi leikur liðsins.



HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

JÚLÍ

14 15 16 17 18 19 20

Sunnudagur

LEIKIR

- 19.15 **Fram** og **KR** mætast á Laugardalsvelli í Landsbankadeild karla í knattspyrnu.
- 20.00 **Fylkir** og **Próttur** mætast á Fylkisvelli í Landsbankadeild karla í knattspyrnu.

SJÓNVARP

- 10.00 **Opna breska meistaramótíð í golfi** á Rúv. Bein útsending frá lokadegi mótsins sem fer fram á St. Andrews golfvöllinum.
- 18.15 **Gillette-sportpakinn** á Sýn.
- 18.45 **PGA mótaröðin** á Sýn. Bandaríska mótaröðin í golfi.
- 19.40 **Landsbankadeildin** á Sýn. Bein útsending frá lek Fylkis og Próttar.
- 21.15 **Helgarsportíð** á RÚV. Helstu íþróttaviðburðir helgarinn hérlendis og erlendis.
- 21.30 **Fótboltakvöld** á RÚV.
- 22.00 **Enskí boltinn** á Sýn. Æfingaleikur Chelsea og Benfica í Portúgal sýndur en Eiður Smári og félagar eru síðan á leiðinni til Bandaríkjanna í æfingaferð.
- 23.40 **NBA** á Sýn. Detroit – San Antonio. Leikur í úrslitaeinvígi liðanna um NBA-meistarátílin 2005.

Fjögur FH-mörk í framlengingunni

FH-ingar sluppu með skrekkinn gegn Skagamönnum og eru komnir í undanúrslit VISA-bikarsins eftir 5-1 sigur í framlengdum og frábærum leik liðanna í Kaplakrika í gær. Allir þrír varamenn FH skoruðu.

FH-ÍA	5-1
0-1 Andri Júlíusson	3.
1-1 Tryggvi Guðmundsson	73.
2-1 Jón Þorgrímur Stefánsson	95.
3-1 Allan Borgvardt	108.
4-1 Jónas Grani Garðarsson	110.
5-1 Atli Viðar Björnsson	114.

FÓTBOLTI FH-ingar tryggðu sér sæti í undanúrslitum VISA-bikars karla í knattspyrnu með 5-1 sigri á ÍA á heimavelli sínum í Kaplakrika í gær. FH-ingar voru heppnir að koma leiknum í framlengingu en eftir að í hana var komið var aldrei spurning um hvernig leikar myndu fara. FH skoraði fjögur mörk í framlengingunni og allir þrír varamenn liðsins voru þá á skotskónum. Leikurinn var annars frábær skemmtun, færi á báða bóga allan tímann og bæði lið gerðu tilkall til farðmiðans í undanúrslitin.

Skagamenn fengu óskabyrjun þegar Andri Júlíusson kom þeim yfir eftir aðeins 3 mínútna leik með skalla af markteig og Andri ásamt eldfjótum félögum sínum í Skagasókninni, Ellerti Jóni Björnssyni og Hafþóri Ægi Vilhjálmsyni, átti eftir að stríða varnarmönnum FH margoft í leiknum.

FH-ingar voru meira með boltann og sköpuðu sér nokkur góð

færi en Bjarki Guðmundsson var í miklu stuði í marki ÍA og varði meðal annars vítaspyrnu Tryggva Guðmundssonar á lokamínútu fyrri hálfleiks. Tryggvi Guðmundsson bætti fyrir vítaspyrnuuna sem hann klúðraði í fyrri hálfleik með því að skora og leggja upp mark fyrir varamanninn Jón Þorgrím Stefánsson sem kom FH í 2-1 og braut niður mótstöðu Skagamanna sem höfðu megnið af leiknum gert Íslandsmeisturinum lífið leitt. Það var nefnilega ekki margt í spilunum þegar Ólafur Jóhannesson blés til sóknar þegar hálf tími var eftir af leiknum en innkoma þeirra Jóns Þorgríms Stefánssonar og Jónasar Grana Garðarsson lífgaði mikið upp á sóknarleik FH-liðsins og innan 10 mínútna var Tryggvi Guðmundsson búinn að jafna leikinn með viðstöðulausu skoti eftir laglega sókn og sendingu Davíðs Þórs Viðarssonar. Jón Þorgrímur, Jónas Grani og þriðji varamaðurinn, Atli Viðar Björnsson, komust síðan allir á blað ásamt Allan Borgvardt í framlengingunni.

Gunnlaugur Jónsson, fyrirlíði Skagamanna var afar óhress með úrslitin. „Þetta var hörku bikarleikur fyrstu 90 mínúturnar. Við vorum klaufar að gera ekki út um leikinn í venjulegum leiktíma og



HVERT ER BORGVARDT AÐ FARA? FH-ingurinn Allan Borgvardt sést hér í baráttu við Skagamanninn Pálma Haraldsson í bikarleik liðanna í gær.

FRÉTTABLAÐIÐ/PIETUR

það var mikið kjaftshögg að fá á sig þetta jöfnunarmark, því svo vorum við bara niðurlægðir í framlengingunni,“ sagði Guðlaugur.

Ólafur Jóhannesson, þjálfari FH, sagði að leikurinn hefði verið sínum mönnum erfiður. „Við erum nýkomnir úr erfiðu ferðalagi í Evrópukeppninni, þannig að

ég var dálítið hræddur um að menn færu að þreytast þegar leikurinn fór í framlengingu, en sem betur fer náðum við að klára þetta. Skagamenn voru erfiðir viðureignar, en við náðum að slá þá út af laginu fljótlega með þessum mörkum í framlengingunni,“ sagði Ólafur.

-ooj, -bb

VILTU SKJÓL Á VERÖNDINA?



MARKISUR



www.markisur.com

Arim Fjárfesting ehf



Dalbaut 3, 105 Reykjavík · Nánari upplýsingar í síma 567-7773 og 893-6337 um kvöld og helgar

Íslenska 18 ára landsliðið í körfubolta á möguleika á að komast áfram: Glæsilegur endaspættur gegn Makedónum

KÖRFUBOLTI Íslenska 18 ára landsliðið vann Makedóníu 79-69 í öðrum leik sínum í B-hluta Evrópukeppni U-18 ára landsliða pílta í Ruzomberkok í Slóvakíu í gær. Ísland var undir 65-67 þegar þrjár mínútur voru eftir af leiknum, en tókst að tryggja sér mikilvægan tíu stiga sigur með því að skora 14 stig gegn 2 á endaspættinum.

Brynjar Þór Björnsson var stigahæstur með 20 stig, þar af 16 í síðari hálfleik, Árni Ragnarsson skoraði 17 stig og tók 12 fráköst, Pavel Ermolinskij var með 15 stig, 16 fráköst og 7 stoðsendingar og Ólafur Torfason var með 11 stig og 9 fráköst. Íslenska liðið tapaði fyrsta

leiknum fyrir Svíum, 50-60, og þarf því að vinna Finnland í dag í leik sem skera mun úr um hvort Ísland á möguleika á einu af efstu sætum í mótinum eða ekki.

Íslenska U-20 ára landsliðið varð hins vegar í 12. og neðsta sæti í B-keppni Evrópumóts U-20 ára landsliða pílta sem fram fór í Búlgaríu eftir naumt tapa fyrir Albaníu, 92-95, í leiknum um júbósaetið.

Viðar Hafsteinsson og Sveinbjörn Claessen skoruðu báðir 27 stig en Viðar Örn sem leikur með Hetti á Egilstöðum var með 14,9 stig í leik og 51,3% þriggja stiga nýtingu á mótinu.

-ooj



BRYNJAR ÞÓR STIGAHÆSTUR Brynjar Þór Björnsson skoraði 16 af 20 stigum sínum gegn Makedóníu í seinni hálfleik.



FÆR KEPPNI Tiger Woods hefur ekki lengur yfirburðaförstu en er samt í lykilstöðu á opna breska meistaramótinu í golfi sem lýkur í dag. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTYIMAGES

Opna breska meistaramótinu í golfi lýkur í dag: Tiger Woods með forystuna

GOLF Bandaríski kylfingurinn Tiger Woods hafði nauma forystu á Opna breska meistaramótinu í golfi eftir þriðja hringinn í gær og er að leika á tólf höggum undir pari á St. Andrews vellinum í Skotlandi.

Woods lék þriðja hringinn í gær á 71 höggi, en Spánverjinn Jose Maria Olazábal er aðeins tveimur höggum á eftir Woods og situr í öðru sætinu. Retief Goosen frá Suður-Afríku og Skotinn Colin Montgomery eru jafnir í 3-4 sæti á 9 höggum undir pari.

Goosen lék manna best í gær og blandaði sér í hóp efstu kylfinga þegar hann lék þriðja hringinn á 66 höggum, en næstur honum kom Olazábal, sem lék á 68 höggum.

Eftir tvo fyrstu hringina á mótinu var Tiger Woods með yfirburðastöðu og fátt virtist benda til annas en að hann myndi vinna yfirburðasigur. Honum fátadist þó nokkuð flugið á þriðja hringnum og því verður lokaslagurinn í dag væntanlega æsispennandi.

-bb

ÚR SPORTINU

Fallbaráttuslagur í Laugardalnum

Graeme Souness knattspyrnustjóri Newcastle hefur leitt líkum að því að franskri framherjinn **Nicolas Anelka** verði keyptur til félagsins og segist mikill aðdáandi hans sem leikmanns. **Anelka** hefur ekki náð sér á strik með tyrkneska liðinu Fenerbache síðan hann fór frá Manchester City, en Newcastle vantar sérlega framherja til að leika við hlið **Alan Shearer** á næstu leiktíð og forráðamenn Newcastle eru nú að reyna að fá Frakkann til sín fyrir hóflega upphæð, þrátt fyrir að hann hafi orð á sér fyrir að vera nokkuð erfiður í samskiptum.



Ásthildur Helgadóttir skoraði á seinna mark Malmö í gær sem vann 2-0 sigur á Sunnaná en með sigrinum komst Malmö á topinn hefur unnið 9 leiki og gert 1 jafntefli. Ásthildur skoraði markið á 70. mínútu leiksins og hefur nú gert 6 mörk á tímabilinu.

Ganamaðurinn eftirsótti, **Mickael Essien** segist þess viss að lið hans Lyon í Frakklandi muni leyfa sér að ganga til liðs við Chelsea fljótlega, svo framarlega sem félagið sé reiðubúið að greiða rétt verð fyrir hann. **Essien** hefur gefið það út að hann vilji ekki vera áfram hjá frönsku meisturunum og segist í sínum huga þegar vera orðinn leikmaður Chelsea.

Pórey Edda Elisdóttir varð í 2. sæti í gær á Alþjóðlegu frjálsíþróttamóti í Madrid. **Pórey Edda** stökk 4,45 metra en sigurvegarinn, **Yelena Isinbayeva** stal senunni að venju og sló sitt eigið heimsmet þegar hún stökk 4,95 metra. Upphafsstökk Yelenu var yfir 4,65 metra sem sýnir vel yfirburði hennar.



Fallbaráttan verður í brennidepli á Þjóðarleikvangi okkar í kvöld þegar Fram og KR mætast. Ríkharður Daðason og Ágúst Gylfason verða í eldlínunni en þeir hafa báðir leikið fyrir bæði lið. Ríkharður er nú fyrirlíði Fram en Ágúst er fyrrum fyrirlíði liðsins og núverandi leikmaður KR.

FÓTBOLI Það er af sem áður var. Í kvöld, eigast Reykjavíkurlíðin Fram og KR við á Laugardalsvelli í sannkölluðum botnbaráttuslag í Landsbankadeild karla. Bæði lið geta munað sinn fífil fegurri en þau eru í neðri helmingi töflunnar nú þegar tíu umferðum er lokið og ef fram heldur sem horfir munu þau verða í baráttu við falldrauginn fram í síðustu umferð.

Ríkharður Daðason er núverandi fyrirlíði Fram og segir að liðið þurfi að fá þrjú stig. „Ef það tekst þá komumst við upp fyrir KR og það dregur þá í fallslaginn af vörðu.“ sagði Ríkharður en hans lið er enn eitt árið í fallsæti.

Ágúst snýr aftur úr meiðslum

Í leiknum á morgun kemur Ágúst Gylfason aftur inn í leikmannahóp KR en hann hefur átt við meiðslu að stríða. „Við höfum ekki sýnt okkar rétta andlit. Þetta eru erfiðir tímar en við gefumst ekkert upp. Það hefur verið erfið fyrir mig að horfa upp á alla þessa tapleiki upp á síðkastið og ekkert geta gert en vonandi getur mín reynsla gert eitthvert gagn á sunnudag,“ sagði Ágúst sem hefur leikið í miðri vörn KR-liðsins.

„Ég er mjög sáttur á meðan ég er þarna á miðjum velli, hef ekki hliðarlínuna þarna hjá mér og það hentar mér best. Ég held að hæfileikar mínir njóti sín vel í þessari stöðu og ég tel mig vera leikmann sem getur gert aðra leikmenn í kringum mig betri.“ sagði Ágúst.

Ríkharður segir að Framliðið þurfi að finna stemninguna aftur



GAMLA OG NÝJA LIÐIÐ Ríkharður Daðason, fyrirlíði Fram og KR-ingurinn Ágúst Gylfason verða í eldlínunni á Laugardalsvelli í kvöld en þeir hafa báðir leikið fyrir bæði Fram og KR á sínum ferli.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

sem var í liðinu í byrjun móts. „Við spiluðum vel í fyrstu þremur umferðunum en eftir það minnkaði vinnsla okkar við að verjast. Leikurinn gegn Val sló okkur alveg út af laginu. Það hefur gengið erfiðlega hjá KR að finna rétta kerfið og það er vonandi að við náum að nýta okkur það. Við vorum hundfúlir með að fá ekkert út úr fyrri leiknum gegn þeim.“ sagði Ríkharður.

Ágúst segir að sér finnist alltaf gaman að spila í Laugardalnum. „Framarar litu vel út í byrjun sumars en það er sama vandamál og vanalega hjá þeim. Áhangendur liðanna tveggja sætta sig náttúrulega ekki við núverandi stöðu, þeir

vilja sjá árangur. En það er staðreynd að þessi leikur er botnbaráttuslagur og við verðum bara að sætta okkur við það.“

Úr Safamýri í Vesturbæ

Sumarið 1995 féll Fram úr efstu deild og tvö næstu tímabil lék Ríkharður með KR. Það má segja að þessi tímabil hafi verið eins og svart og hvítt. „Fyrri árið var virkilega skemmtilegt, ég spilaði í frábæru liði með mjög góðan þjálfara, Lúkas Kostic. Við töpuðum Íslandsmeistarátitlinum í síðustu umferð en þrátt fyrir það var gaman. Næsta ár á eftir var ég hinsvegar ekki sáttur, mikið var hrætt upp í liðinu og þjálfarinn látinn

fara.“ sagði Ríkharður.

Ágúst skipti yfir í KR frá Fram fyrir síðasta sumar en hann hóf feril sinn hjá Fram og lék með liðinu fimm tímabil áður en hann hélt í Vesturbæ.

„Þetta var frábær tími, ég byrjaði feril minn þarna og var alltaf tekið sem mikilli hetju. Það er kannski það sem maður saknar mest frá Fram, maður var vel liðinn þarna hjá leikmönnum og stuðningsmönnum. Ég var orðinn fyrirlíði og það var erfið að rífa sig frá þessu en ég taldi að ég væri kominn á það stig ferilsins að það væri best fyrir mig að breyta til.“ sagði Ágúst sem heldur á fornar slóðir á morgun.

-egm

Idol

Ert þú næsta Idol stjarna Íslands?
Skráning er hafin á Idol.is.

og
vodafone

Coca-Cola

SCOTT FOLK WICZANSKI



heima



útsala

10-50% afsláttur

Útsala

10-50% afsláttur

hefst á mánudag!



10-50% afsláttur



opið: mán - fös 10.00 -18.00, laugard 11.00 - 16.00



heima

húsgagnaverslun • ármúli 23 • 108 reykjavík • 568 4242

**LUXUSNÆTUR
Í REYKJAVÍK**

KEMUR ÚT ALLA FÖSTUDAGA
VERÐ KR. 300
FÆST Á ÖLLUM HELSTU
BLAÐSÖLUSTÖÐUM LANDSINS

SIRKUS ^{RVK}
NÝTT TÍMARIT. NÝR TÓN.

STUÐ MILLI STRÍÐA : Æðruleysi er svarið við Snoop

PÓRARINN PÓRARINSSON ER SKEMMDUR AF SLÆMUM FYRIRMYNDUM



Það hefur mikið verið þrasað um þennan Snoop Dog og þá ekki síst það hversu slæm fyrirmynd hann er. Persónulega hefur mér alltaf fundist þessi gaur frekar leiðinlegur án þess að ég hafi legið sérstaklega yfir textum hans. Hann fer bara í taugarnar á mér og hefur alltaf gert það. Það segir samt meira um mig en hann þar sem ég hef heldur aldrei þolað Brad Pitt. Þar fyrir utan er franskirithöfundurinn Michel Houlebecq í miklum metum hjá mér og hann skrifar sko enga tæpitungu. Skáldsögur hans eru bullandi klámfengnar og svo mettaðar af kven- og almenri mannfyrirlitningu að flest-

ir textar Snoop eru eins og barnagælur í samanburðinum.

Réttur þessara manna til þess að segja meiningar sínar er þó ótvíræður í mínum huga enda yrði lífið litlaust og gelt ef allir töluðu, syngju og skrifuðu í sama pólitískt réttþenkjandi tóninum.

Á sama tíma hef ég fulla samúð með málstað þeirra sem finna Snoop allt til foráttu og skil mætavel að einhverjir vilji þagga niður í honum. Maðurinn er án efa slæm fyrirmynd en um leið verður að hafa í huga að góðar fyrirmyndir eru iðulega litlausar og leiðinlegar.

Sjálfur mændi ég á mótunarárum mínum upp á menn eins og Jim Morrison, Mickey Rourke, Steve McQueen og Humprey Bogart. All-

ir eru þeir slæmar fyrirmyndir sem gerðu það töff að sýna af sér skítlegt eðli. Það tók rúman áratug og áfengismeðferð til að átta mig á því að allir voru þessir menn andlega bæklaðir og þunglyndir alkóhólistar og það sem verra er, þeir voru töff.

Þetta er gallinn við vondu fyrirmyndirnar; maður lærir af þeim en getur ekki séð í gegnum delluna í þeim fyrr en maður hefur brennt sig á þeim sjálfur. Boð og bönn fá engu um það breytt. Lífið og listin eru náttúruöfl sem ekki verða hamin en það breytir því ekki að það er allt í lagi að tala um þau og vara við yfirvofandi hamförum en þegar upp er staðið verður hver og einn að bjarga sjálfum sér. ■

myndasögur


PONDUS

Eftir Frode Överli



PÚ OG PA

Eftir SÖB



Landsbankinn fræddur um Snoop

„Burtséð frá því hvað fólki finnst um Snoop Dogg og boðskap hans þá er Femínistafélagið ósátt við að ákveðnir styrktaraðilar eru að dreifa miðum á tónleikana í gegnum Vinnuskólann,“ segir Katrín Anna Guðmundsdóttir, talskona Femínistafélagsins, en hún telur boðskap rapparans ekki eiga erindi til unga fólksins. „Eftir að hafa fengið til mín ábendingu fór ég að skoða bakgrunn Snoop Dogg og textar hans boða klám og líkamlegt og kynferðislegt ofbeldi gagnvart konum á niðurlægjandi og skaðlegan hátt.“

Femínistafélagið fór á fund Landsbankans til að koma athugasemdum sínum á framfæri en Landsbankinn er einn af styrktaraðilum tónleikanna. „Við sendum Landsbankanum upplýsingar um fortíð rapparans og fórum á þeirra fund til að útskýra fyrir þeim okkar hlið á málinu. Við höfum ekki haft samband við hina styrktaraðilana en Landsbankinn tók okkur vel og við eigum jafnvel eftir að fara með umræðuna lengra.“

Katrín Anna telur að þeir sem velji að beina markaðssetningu til unglunga verði að vera meðvitaðir um að styrkja heilbrigðar fyrirmyndir. „Okkur finnst óábyrgt að senda 14-15 ára unglungum skila-



SNOOP DOGG Ekki ríkir allsherjar sátt um miðadreifingu á tónleika rapparans.

boð sem ýta undir ofbeldi og klám.“

Ekki náðist í markaðsstjóra Landsbankans til að heyra þeirra hlið á málinu. ■

KATRÍN ANNA GUÐMUNDSDÓTTIR Fór á fund Landsbankamanna til að fræða þá um bakgrunn rapparans Snoop Dogg.



Albert gæti átt fleiri börn

Prins Albert Grimaldi hefur viðurkennt að hann gæti átt fleiri börn. Prinsinn upplýsti það ekki alls fyrir löngu að hann ætti tveggja ára gamlan strák með flugfreyjunni Nicole Coste frá Togo. Skömmu fyrir krýningu sína, sem fram fór á mánudag, upplýsti Albert að fleiri konur gætu átt barn eftir hann. Albert prins er þekktur glaumgosi og hefur átt í ástarsamböndum við nokkrar af fegurstu konum heims. „Ég veit fyrir vísit að það eru nokkrar konur sem eru í sömu aðstöðu og við munum svara þeim þegar réttur tími gefst.“ Albert sagði enn fremur að þögnin í kringum hinn tveggja ára gamla Alexandre hefði verið til þess að vernda hann og að drenginn myndi aldrei skorta neitt. ■



ALBERT VERÐUR FURSTI Albert Grimaldi var á mánudaginn vígður sem furstinn af Mónakó.

» FASTUR
birta
» PUNKTUR



SNOOP DOGG Rapparin Snoop Dogg spilar á góðgerðartónleikum í Hawaii á næstunni.

Syngur fyrir hermenn

Rapparin Snoop Dogg, sem spilar í Egilshöll á sunnudag, kemur fram á góðgerðartónleikum fyrir bandaríska hermenn sem verða haldnir í Honolulu á Hawaii 22.-23. júlí.

Snoop er að ljúka tónleikaferð sinni um Evrópu og verða síðustu tónleikanir í þeirri reisu hér á landi, en deginum áður heldur hann tónleika á vegum MTV-sjónvarpsstöðvarinnar í Stuttgart í Þýskalandi. Það verður því í nógu að snúast hjá kappanum á næstunni. ■



GOD OF WAR Tölvuleikurinn God of War hefur fengið mjög góðar viðtökur.

Stríðsguðinn selst vel

Tölvuleikurinn God of War fyrir Playstation 2 hefur selst í rúmlega 1000 eintökum síðan hann kom út hér á landi fyrir skömmu. Leikurinn, sem er uppseldur hjá heildsala um þessar mundir, hefur fengið mjög góða dóma úti í heimi og eru menn þegar farnir að tala um einn besta leik ársins.

Leikurinn fjallar um bardagakappann Kratos og baráttu hans við alls kyns kvikindi. Leikurinn er stranglega bannaður börnum innan 18 ára enda þykir hann ofbeldisfullur í meira lagi. ■

HYUNDAI
hefur gæðin

